



OPINBER INNKAUP. ÁFANGASKÝRSLA 2 VERKTAKAGREIÐSLUR VIÐ HÁSKÓLA ÍSLANDS

FEBRÚAR 2010

EFNISYFIRLIT

NIÐURSTÖÐUR.....	5
1 MÁLAVEXTIR	7
2 BRÉF RÍKISENDURSKOÐUNAR	9
3 SVAR HÁSKÓLA ÍSLANDS	11

NIÐURSTÖÐUR

Undanfarin ár hefur Háskóli Íslands greitt nokkrum fastráðnum akademískum starfsmönnum sem eru í fullu starfi sem launamenn við skólann eða félögum sem þeir eiga eða sitja í stjórn þóknarir fyrir verktöku. Greiðslurnar eru fyrir kennslu sem er skilgreind sem endurmenntun og innt af hendi utan venjulegs vinnutíma. Árið 2009 námu slíkar greiðslur til þeirra 23 aðila (kennitalna) sem fengu hæstar þóknarir alls 84 m.kr. Þar af nam hæsta greiðsla til sama aðila um 18,5 m.kr. Ríkisendurskoðun telur að fyrirkomulag þessara verktakagreiðslna sé um margt óeðlilegt og hefur Háskólinn látið í ljós vilja til að taka það sérstaklega til skoðunar. Í þessu samhengi beinir Ríkisendurskoðun eftirfarandi ábendingum til Háskóla Íslands.

ÁBENDINGAR

1. FYLGJA BER REGLUM UM MUN VERKTAKAVINNU OG LAUNÞEGAVINNU

Mikilvægt er að Háskóli Íslands fylgi almennum reglum og viðmiðunum skattyfirvalda um mun verktakavinnu og launþegavinnu. Svo virðist sem n.k. „gerviverktaka“ tíðkist innan skólans, þ.e. greitt sé fyrir tiltekin kennslustörf sem verktakavinnu þótt þeir sem sinni störfunum fái endurgjaldslausu vinnuaðstöðu og auk þess öll nauðsynleg aðföng, verkfæri, tæki og aðstoð frá launuðum starfsmönnum Háskólans. Starfsemin ber með öðrum orðum öll einkenni venjulegrar launþegavinnu.

2. TRYGGJA ÞARF GAGNSÆI OG JAFNRÆÐI VIÐ RÁÐNINGU KENNARA

Ríkisendurskoðun dregur ekki í efa hæfni þeirra starfsmanna sem Háskóli Íslands hefur valið til að kenna í endurmenntunarnámi sínu. Engu að síður er mikilvægt að skólinn tryggi gagnsæi og jafnræði við þetta val. Eðlilegt er að auglýsa viðamikil kennslustörf af slíkum toga svo að allir sem hafa getu og vilja til að sinna þeim sitji við sama borð.

3. HERÐA ÞARF Á REGLUM UM HELGUN Í STARFI

Í *Reglum um aukastörf akademískra starfsmanna Háskóla Íslands* eru ákvæði um helgun í starfi sem eiga að tryggja að viðamikil aukastörf þeirra komi ekki niður á störfum þeirra við skólann. Sá annmarki er á þessum reglum að þær beinast eingöngu að aukastörfum „utan Háskólans“. Ríkisendurskoðun telur að reglurnar eigi einnig að ná til umfangsmikilla aukastarfa innan skólans.

1 MÁLAVEXTIR

Síðla árs 2009 hóf Ríkisendurskoðun úttekt á kaupum ríkisins og stofnana þess á vörum og þjónustu. Úttektin er liður í samtímaeftirliti stofnunarinnar og miðar að því að efla aðhald með rekstri ráðuneyta, stofnana og fyrirtækja ríkisins. Í því skyni var m.a. tekið allstórt úrtak viðskipta úr bókhaldskerfi ríkisins, það greint eftir eðli og umfangi viðskiptanna og upplýsinga aflað um ýmsa þætti sem varða viðskiptin. Þessi vinna beindi fljótt athygli að allmörgum verktakagreiðslum Háskóla Íslands til nokkurra fastra akademískra starfsmanna skólans sem eru í fullu starfi sem launamenn við skólann eða til félaga sem þeir eiga eða sitja í stjórn. Af afritum reikninga úr bókhaldskerfinu þótti sýnt að greiðslurnar vörðuðu endurmenntunarnám Háskólans.

Hinn 17. desember 2009 sendi Ríkisendurskoðun rektor Háskóla Íslands bréf, sbr. 2. hluta þessarar skýrslu, þar sem óskað var skýringa á slíkum verktakagreiðslum Endurmenntunastofnunar HÍ og Viðskiptafræðistofnunar HÍ til 23 aðila (kennitalna). Samtals námu þær 74 m.kr. á fyrstu ellefu mánuðum ársins 2009, þ.e. frá 1. janúar til 30. nóvember, og 84 m.kr. þegar allt árið er skoðað. Af bókhaldskerfinu mátti ráða að áþekkar greiðslur hefðu einnig átt sér stað undanfarin ár. Ríkisendurskoðun óskaði m.a. svara við því hvaða reglur giltu um slíkar verktakagreiðslur, hvort verksamningar væru gerðir, hvernig verktakar væru valdir, hvort til álita hefði komið að bjóða slík verk út og hvernig Háskólinn tryggði að fastir akademískir starfsmenn skólans sem þæðu árlega verulegar fjárhæðir sem verktakar uppfylltu á eðlilegan hátt skyldur sínar sem starfsmenn hans.

Háskóli Íslands svaraði bréfi Ríkisendurskoðunar 21. janúar 2010 með ítarlegri greinargerð og fylgiskjöllum, sbr. 3. hluta þessarar skýrslu. Þar er málið skýrt eins og það horfir við skólanum, jafnframt því sem þess er getið að erindi Ríkisendurskoðunar og athugun skólans í framhaldi af því „gefi tilefni til að taka fyrirkomulag framangreindra námsleiða og verktakagreiðslur vegna þeirra sérstaklega til skoðunar. Telur Háskólinn að setja þurfi traustari ramma utan um námsleiðir sem tilheyra endurmenntun, m.a. með skýrum verklagsreglum, aukinni yfirsýn stjórnenda Háskólans og starfsmanna reikningshalds skólans, öfluglu innra eftirliti og gegnsæi við ákvarðanatöku. Mun Háskólinn þegar hefja þá vinnu“.

Ríkisendurskoðun fagnar svari Háskóla Íslands og væntir þess að þar með sé afskiptum hennar af þessu máli lokið. Ríkisendurskoðun telur engu að síður rétt að birta samskipti stofnananna og nokkrar ábendingar. Að auki mun hún fylgjast með gangi mála á komandi mánuðum.

2 BRÉF RÍKISENDURSKOÐUNAR

	Dagsetning	Tilvísun
Háskóli Íslands Kristín Ingólfssdóttir, rektor Aðalbygging Háskóla Íslands 101 Reykjavík	17. desember 2009	H-108 ÞÓ/bb

Ríkisendurskoðun vinnur um þessar mundir að úttekt á kaupum ríkisins á vörum og þjónustu. Við skoðun á úrtaki úr bókhaldskerfi ríkisins vöktu sérstaka athygli allmargar verktakagreiðslur Háskóla Íslands til nokkurra fastra akademískra starfsmanna skólans í 92-100% starfi, fyrirtækja sem þeir eiga eða sitja í stjórn eða aðila þeim tengdum. Greiðslur þessar eru annars vegar skráðar á bókhaldslykil Endurmenntunarstofnunar Háskóla Íslands (022013700) og hins vegar á bókhaldslykil Viðskiptafræðistofnunar Háskóla Íslands (022011065), sbr. meðfylgjandi lista yfir hæstu greiðslur af þessum toga samtals rúmlega 74 m.kr.

Endurmenntunarstofnun Háskóla Íslands (022013700)

Fjárhæð	Verktaki (nafn / fyrirtæki)	Kennitala	Akademískur starfsmaður sem í hlut á
16.127.335	Nordica ráðgjöf ehf	6906043610	Helgi Þór Ingason, dósent, og Haukur Ingi Jónasson, dósent, eru í stjórn, ásamt Tryggva Sigurbjarnarsyni
6.141.526	Skipulag og stjórnun ehf	4603002150	Helgi Þór Ingason, dósent
5.746.500	Runólfur S Steinþórsson	1704594319	Runólfur S Steinþórsson, prófessor
3.045.000	Ísl. sálgrein.-sálg/ís ehf	6402062840	Haukur Ingi Jónasson, dósent
2.569.000	Páll Jensson	0310472429	Páll Jensson, prófessor
2.493.188	Bjarni F Karlsson	2009493079	Bjarni Frimann Karlsson, lektor
1.615.000	Ingvar Sigurgeirsson	2611507519	Ingvar Sigurgeirsson, prófessor
1.457.085	Hróbjartur Árnason	0701607149	Hróbjartur Árnason, lektor
			Eigandi Sigurður Áss Grétarsson, eiginmaður Árelíu
1.282.000	Ráðgjafabjón. Bjarg ehf	5908032780	Eyðísar Guðmundsd, dósent
1.083.500	TGT-stofan ehf	7012831209	Tryggvi Sigurbjarnarson, í stjórn Nordica ehf.
958.000	Gylfi D. Aðalsteinsson	0605643889	Gylfi Dalmann Aðalsteinsson, dósent
948.000	Þórhallur Ö Guðlaugsson	1009623659	Þórhallur Örn Guðlaugsson, dósent
691.000	Thor ehf	4901081650	Þórhallur Örn Guðlaugsson, dósent
656.000	E.M. ráðgjöf ehf	4411042350	Eðvald Möller, aðjúkt
44.813.134	Samtals		

Viðskiptafræðistofnun HÍ (022011065)

Fjárhæð	Verktaki (nafn / fyrirtæki)	Kennitala	Akademískur starfsmaður sem í hlut á
3.728.000	Gylfi D. Aðalsteinsson	605643889	Gylfi Dalmann Aðalsteinsson, dósent
3.599.000	Thor ehf	4901081650	Þórhallur Örn Guðlaugsson, dósent
3.398.400	Runólfur S Steinþórsson	1704594319	Runólfur S Steinþórsson, prófessor
2.899.600	Ráðgjafabjón. Bjarg ehf	5908032780	Eigandi Sigurður Áss Grétarsson, eiginmaður Árelíu

			Eyðisar Guðmundsd, dósent
2.517.076	E.M. ráðgjöf ehf	4411042350	Eðvald Möller, aðjúkt
2.066.000	Snjólfur Ólafsson	2004545299	Snjólfur Ólafsson, prófessor
1.716.032	Kristján Jóhannsson	0401517619	Kristján Jóhannsson, lektor
1.342.000	Control ehf	5602062750	Einar Guðbjartsson, dósent
1.200.000	Páll Jensson	0310472429	Páll Jensson, prófessor
1.196.100	Agli ehf	7110012710	Jón Snorri Snorrason, lektor
956.800	Ársæll Valfells	3012724569	Ársæll Valfells, lektor
948.000	Birgir Þór Runólfsson	0508626589	Birgir Þór Runólfsson, dósent
939.000	Bjarni Frimann Karlsson	2009493079	Bjarni Frimann Karlsson, lektor
790.550	Fríðrik Eysteinnsson	1201593999	Fríðrik Eysteinnsson, aðjúkt
700.000	Margrét S. Sigurðardóttir	0710725929	Margrét Sigrún Sigurðardóttir, aðjúkt
602.500	Inga Jóna Jónsdóttir	2212542449	Inga Jóna Jónsdóttir, dósent
			Helgi Þór Ingason, dósent, og Haukur Ingi Jónasson, dósent, eru í stjórn, ásamt Tryggva Sigurbjarnarsyni
594.000	Nordica ráðgjöf ehf	6906043610	
29.193.058	Samtals		

Ríkisendurskoðun óskar hér með eftir svörum við eftirfarandi spurningum:

1. Hvers vegna eru framangreindir starfsmenn HÍ verktakar en ekki venjulegar launamenn í þessum verkefnum?
2. Hefur HÍ sett skriflegar reglur um verktakagreiðslur til fastráðinna akademískra starfsmanna sinna eða fyrirtækja sem þeir eiga eða sitja í stjórn vegna sérfræðipjónustu innan HÍ? Séu þær til er óskað eftir afriti af þeim.
3. Í hvaða tilvikum fara slíkar greiðslur fram?
4. Gerir HÍ eða stofnanir hans skriflega verksamninga um slíka sérfræðipjónustu / verktakavinnu?
5. Sé svo, hvaða aðili gerir slíka samninga?
6. Hvernig er verktakinn valinn? Er leitast við að gæta jafnræðis í því samhengi?
7. Hvernig eru greiðslur til verktaka fundnar út?
8. Hefur HÍ sett sér einhverjar reglur um hámark (þak) vegna slíkra verktakagreiðslna þegar fastráðnir akademískir starfsmenn eiga í hlut?
9. Hefur komið til álita að bjóða slíka verktakavinnu út, t.d. ef hún fer umfram tiltekin mörk? Ath! Samkvæmt 20. gr. laga um opinber innkaup, nr. 84/2007, skal bjóða út öll innkaup á vörum yfir 5.000.000 kr. og þjónustu yfir 10.000.000 kr.
10. Hvernig tryggir HÍ að fastir akademískir starfsmenn sem þiggja árlega milli 5-10 m.kr. fyrir sérfræðipjónustu / verktakavinnu innan HÍ uppfylli á eðlilegan hátt skyldur sínar sem starfsmenn HÍ (kennsluskyldu, rannsóknarskyldu, stjórnunarskyldu)?
11. Gilda einhverjar reglur um það hvort og þá hvernig föstum akademískum starfsmönnum HÍ sem starfa jafnframt sem verktakar við HÍ er heimilt að nota við þá vinnu aðstöðu, búnað, tæki og efni sem HÍ leggur þeim til sem föstum akademískum starfsmönnum HÍ?

Óskað er eftir að svör liggi fyrir eigi síðar en 6. janúar nk.

Sigrún Þorrey

Jónir Einarsson

3 SVAR HÁSKÓLA ÍSLANDS



Ríkisendurskoðun
Sveinn Arason
Skúlagötu 57
Pósthólf 5350
125 Reykjavík

Reykjavík, 21. janúar 2010
Tilvísun: HI09120119/3.11.1

Vísað er til bréfs Ríkisendurskoðunar, dags. 17. desember sl., þar sem óskað er svara við tilteknum spurningum sem tengjast verktakagreiðslum til nokkurra fastra akademískra starfsmanna Háskóla Íslands. Greiðslur þessar eru skráðar á bókhaldslykil Endurmenntunarstofnunar HÍ og Viðskiptafræðistofnunar HÍ.

Greiðslurnar sem um ræðir tengjast endurmenntunarnámi til diplóma-, BS- og MBA-prófs á vegum viðskiptafræðideildar, sem Viðskiptafræðistofnun HÍ annast umsýslu með, endurmenntunarnámi til MPM-prófs á vegum iðnaðarverkfræði-, vélaverkfræði- og tölvunarfræðideildar (IVT), sem Endurmenntunarstofnun HÍ annast umsýslu með, og einnig tengjast þær einstökum námskeiðum sem fram fara á vegum Endurmenntunarstofnunar HÍ. Nánar tiltekið eru greiðslurnar aðallega vegna eftirfarandi námsleiða:

1. Verkefnastjórnun og leiðtogaþjálfun (V&L). Námsbraut á vegum Endurmenntunarstofnunar HÍ. Nordica ráðgjöf ehf. annast námið (sbr. meðfylgjandi greinargerð og samning).
2. Meistaránám í verkefnastjórnun (MPM). Meistaránám á vegum iðnaðarverkfræði-, vélaverkfræði og tölvunarfræðideildar (IVT). Tveggja ára nám með starfi sem lýkur með meistaragráðu í verkefnastjórnun frá IVT. Um er að ræða endurmenntun á vegum deildarinnar sem er sjálfstæð viðbót við hefðbundið námsframboð deildarinnar. MPM-námið er skipulagt í samstarfi við Nordica ráðgjöf ehf. Endurmenntunarstofnun HÍ annast umsýslu þess (sbr. meðfylgjandi greinargerð og samning).
3. BS- og diplómanám í viðskiptafræði (BSV). Skipulagt sem nám með vinnu og telst því til endurmenntunar á vegum deildar. Viðskiptafræðideild ber faglega og fjárhagslega ábyrgð á náminu en Viðskiptafræðistofnun HÍ annast umsýslu þess. (sbr. meðfylgjandi greinargerð).
4. MBA nám. Meistaránám samhliða starfi með áherslu á viðskiptafræði og stjórnun. Telst til endurmenntunar á vegum deildar. Viðskiptafræðideild ber faglega og fjárhagslega ábyrgð á náminu en Viðskiptafræðistofnun HÍ annast umsýslu þess. (sbr. meðfylgjandi greinargerð).

Samkvæmt 1. mgr. 3. gr. laga nr. 85/2008 um opinbera háskóla er háskóla heimilt að veita endurmenntun í þeim fræðum sem stunduð eru innan hans. Heimilt er að taka gjald fyrir endurmenntun og fræðslu fyrir almenning, sbr. e.-lið 2. mgr. 24. gr. laganna. Endurmenntun á vegum háskóladeilda lýtur ákveðnum skilyrðum sem tilgreind eru í 64. gr. reglna HÍ nr. 569/2009, sbr. einnig reglur nr. 829/2001 um endurmenntun á vegum deilda HÍ. Um Endurmenntunarstofnun HÍ gilda reglur nr. 844/2001. Samkvæmt lögum um opinbera háskóla hefur HÍ viðtækar heimildir varðandi skipulag og framkvæmd endurmenntunarnáms innan hans og er viðurkennt að fjárhagsgrundvöllur þess er annar en hins almenna náms innan skólans, sbr. m.a. dóm Hæstaréttar frá 25. september 2002 í máli nr. 310/2002. Rekstur námsleiða sem teljast til endurmenntunar er þannig fjárhagslega sjálfstæður og standa námskeiðsgjöld undir kostnaði, sbr. m.a. 9. gr. reglna nr. 829/2001 og 8. gr. reglna nr. 844/2001.

Hér á eftir eru svör við einstökum spurningum sem fram eru bornar í framangreindu bréfi Ríkisendurskoðunar. Í fylgiskjöllum eru upplýsingar um námið og fyrirkomulag þess frá Viðskiptafræðistofnun HÍ, formanni stjórnar MPM-námsins og Endurmenntunarstofnun HÍ.

1. Hvers vegna eru framangreindir starfsmenn HÍ verktakar en ekki venjulegir launamenn í þessum verkefnum?

Kennsla í endurmenntun á vegum deilda eða Endurmenntunarstofnun HÍ er ekki hluti af starfsskyldum fastra kennara við kennslu, rannsóknir og stjórnun, sbr. m.a. 8. tölul. 64. gr. reglna HÍ. Námið fer almennt fram utan hefðbundins vinnutíma, þ.e. á kvöldin og um helgar, og sinna kennarar því í aukavinnu. Í dómi Hæstaréttar frá 25. september 2002 í máli nr. 310/2002, sem varðaði greiðslur fyrir kennslustörf kennara í MBA-námi viðskiptafræðideilda HÍ, var fallist á að störf prófessora deildarinnar við umrætt MBA-nám væri viðbót við regluleg störf þeirra og var talið að það fyrirkomulag samræmðist þágildandi lögum um Háskóla Íslands nr. 41/1999. Sambærileg ákvæði eru nú í lögum nr. 85/2008 um opinbera háskóla.

Eins og fram kemur í meðfylgjandi greinargerðum Viðskiptafræðistofnunar HÍ og formanns stjórnar MPM-námsins hefur kennurum sem kennt hafa í MBA- og MPM-náminu frá upphafi verið gefinn kostur á að fá greitt fyrir kennslustörf samkvæmt reikningi eða að greiðslan fari í gegnum launakerfi Háskólans. Þessari aðferð hafa Viðskiptafræðistofnun HÍ og stjórn MPM-námsins fylgt og boðið upp á þennan valkost. Hvað Endurmenntunarstofnun HÍ varðar þá er rekstur þeirrar stofnunar fjárhagslega aðskilinn frá öðrum rekstri Háskóla Íslands og standa námskeiðsgjöld, framlög frá samstarfsaðilum, styrkir og annað sjálfsafلافé alfarið undir rekstri hennar, sbr. 8. gr. reglna stofnunarinnar nr. 844/2001.

2. Hefur HÍ sett skriflegar reglur um verktakagreiðslur til fastráðinna akademískra starfsmanna sinna eða fyrirtækja sem þeir eiga eða sitja í stjórn vegna sérfræðipjónustu innan HÍ? Séu þær til er óskað eftir afriti af þeim.

Formlegar verklagsreglur hafa ekki verið settar. Hins vegar er viðtekið ákveðið vinnulag þar sem gert er ráð fyrir því að fastir starfsmenn Háskóla Íslands séu ekki jafnframt verktakar við skólann. Frá þessu vinnulagi eru tvær undantekningar. Annars vegar hefur Endurmenntun HÍ greitt kennurum Háskólans sem þess óska sem verktökum vegna kennslu hjá Endurmenntun HÍ. Þegar kjaranefnd ákvað laun prófessora heimilaði nefndin þetta fyrirkomulag sem viðhaft er vegna kennslu utan starfsskyldna kennara sbr. lið 1. Hins vegar heimilaði kjaranefnd að

höfundum bóka sem gefnar eru út hjá Háskólaútgáfunni væru greidd ritlaun ef bækurnar skila hagnaði.

Veturinn 2005-2006 starfaði nefnd innan Háskóla Íslands sem ætlað var að setja fram tillögur að skýrum reglum um verktakagreiðslur innan skólans, þar sem greint yrði á milli vinnu launþega og greiðslum vegna verktöku. Starfinu lauk ekki á þeim tíma. Veturinn 2007-2008 var málið aftur tekið upp á vegum innri endurskoðunar HÍ af ákveðnu tilefni og var haft samráð um það við Ríkisendurskoðun. Í framhaldi af því setti innri endurskoðun HÍ fram ábendingar um að undirbúnar yrðu verklagsreglur um meðferð reikninga frá verktökum sem m.a. tryggi að eftir því sem við verði komið sé leitað tilboða í verktöku og um hana gerður samningur með aðkomu innkaupadeildar skólans og að verulega verði takmörkuð heimild starfsmanna Háskólans til þess að senda skólanum verktakareikninga, hvort sem þeir eru í eigin nafni eða í nafni félaga sem starfsmennirnir eiga verulegan hlut í eða hagsmuni hjá. Jafnframt verði á hverjum tíma haldin skrá yfir verksamninga og verktaka sem eru í samningsbundnum og reglulegum viðskiptum við Háskólann og að hún verði aðgengileg öllum stjórnendum skólans og starfsmönnum fjármálasviðs. Í verklagsreglunum verði kveðið á um að stjórnendum Háskólans og starfsmönnum reikningshalds verði falið að fylgjast með því að reglubundnir reikningar frá verktökum séu í samræmi við samninga og verktakaskrá.

Gert er ráð fyrir því að þessar ábendingar innri endurskoðunar HÍ verði grunnur að gerð verklagsreglna sem stefnt er að ljúka á þessu ári. Spurningar Ríkisendurskoðunar sem hér eru til umfjöllunar munu enn fremur vera mjög gagnlegar við þá vinnu og frekari útfærslu verklagsreglna. Hafi Ríkisendurskoðun frekari ábendingar varðandi þetta efni þá er slíkt vel þegið.

3. Í hvaða tilvikum fara slíkar greiðslur fram?

Verktakagreiðslur eru inntar af hendi þegar verk fellur undir endurmenntun, hvort sem er hjá Endurmenntunarstofnun HÍ eða á vegum deilda. Þá fellur verkefnið utan starfsskyldna akademískra starfsmanna Háskólans, sbr. 1. lið.

4. Gerir HÍ eða stofnanir hans skriflega verksamninga um slíka sérfræðipjónustu / verktakavinnu?

Í tilviki BSV- og MBA-námsins ræður Viðskiptafræðistofnun kennara til verksins og annast öll formleg samskipti við þá. Skriflegur samningur er gerður árlega milli viðskiptafræðideildar og Viðskiptafræðistofnunar HÍ. Skriflegir samningar eru gerðir vegna V&L- og MPM-námsbrautanna. Sem dæmi um slíka samninga er meðfylgjandi þjónustusamningur um MPM-námið á milli Endurmenntunarstofnunar HÍ og verkfræðideildar HÍ. Meðfylgjandi er einnig samkomulag á milli Endurmenntunarstofnunar HÍ og Nordica ráðgjafar ehf. um V&L-námið. Í einstökum tilvikum gerir Endurmenntunarstofnun HÍ skriflega samninga við kennara. Samkomulag er alltaf gert fyrirfram, oftast munnlega eða með tölvupósti. Gert er samkomulag við kennara MPM-námsins í tölvupósti. Forstöðumaður MPM-námsins ræður kennara til verksins og annast öll formleg samskipti við þau.

5. Sé svo, hvaða aðili gerir slíka samninga?

Sjá lið 4.

6. Hvernig er verktakinn valinn? Er leitast við að gæta jafnræðis í því samhengi?

Námskeið og námsbrautir til endurmenntunar verða til vegna þess að þörf er á tiltekinni þekkingu og menntun í samfélaginu. Hæfni ræður vali á kennurum. Fagleg ábyrgð á

endurmenntun á vegum deilda hvílir á deildunum. Í tilviki BSV- og MBA-námsins er kennslan borin uppi af kennurum deildarinnar, sbr. meðfylgjandi greinargerð Viðskiptafræðistofnunar og ber fagstjórn námsins ábyrgð á vali kennara. Leitað er út fyrir deildina ef kalla þarf eftir sérþekkingu sem ekki er að finna innan deildarinnar. Sama gildir um MPM-námið á vegum IVT. Lagt er mat á frammistöðu kennara með formlegum hætti og útkoman ræður því hvort aftur er leitað til sömu kennara.

7. Hvernig eru greiðslur til verktaka fundnar út?

Samkvæmt upplýsingum Viðskiptafræðistofnunar HÍ er miðað við að kostnaður vegna kennslu í BSV- og MBA-námi sé ekki umfram tekjur. Endurmenntunartofnun HÍ greiðir kennurum 11.000-14.000 kr. fyrir hverja klukkustund auk 3.000 kr. fyrir námsmat fyrir hvern nemanda í námskeiði.

Í BS-námi í viðskiptafræðum með vinnu er greidd 400.000 kr. föst upphæð og 13.500 kr. fyrir hvern nemanda sem tekur próf. Greiðsla fyrir dæmatíma er 96.000 kr.

Í MBA-námi var föst greiðsla 950.000 kr. og 14.000 kr. fyrir hvern nemanda sem tekur próf. Þetta viðmið gildir fram til ársloka 2009 fyrir nemendur á öðru ári (sjá meðfylgjandi fjárhagsáætlun), en frá upphafi skólaárs 2009 gilda önnur viðmið fyrir kennslu fyrsta árs MBA-nema. Þar er föst upphæð 600.000 kr. og 24.000 kr. á hvern nemanda.

Í MPM-námi er greitt 250.000 kr. fyrir stjórnun og þróun hvers námskeiðs, 25.000 kr. fyrir hverja kennda klst. og 10.000 kr. fyrir kennda klst. í vinnu vegna prófa og námsmats. Samtals gerir þetta 1.510.000 kr. fyrir hvert 6 eininga námskeið.

8. Hefur HÍ sett sér einhverjar reglur um hámark (þak) vegna slíkra verktakagreiðslna þegar fastráðnir akademískir starfsmenn eiga í hlut?

Reglur um hámark vegna verktakagreiðslna hafa ekki verið settar af hálfu Háskóla Íslands. Hins vegar eru í gildi reglur nr. 1096/2008 um aukastörf akademískra starfsmanna Háskóla Íslands, sbr. 10. lið.

9. Hefur komið til álita að bjóða slíka verktakavinnu út, t.d. ef hún fer umfram tiltekin mörk? Ath! Samkvæmt 20. gr. laga um opinber innkaup, nr. 84/2007, skal bjóða út öll innkaup á vörum yfir 5.000.000 kr. og þjónustu yfir 10.000.000 kr.

Samkvæmt viðteknu verklagi fer fjármálastjóri yfir alla reikninga sem eru hærri en 200.000 kr., en ekki hafa verið settar reglur um hámarksgreiðslur. Upphæð reikninga vegna kennslu í endurmenntun getur einkum ráðist af tvennu, þ.e. fjölda námskeiða sem kennarar kenna og fjölda nemenda í námskeiði. Í MBA- og MPM-náminu spanna kjarnanámskeið vítt svið og það deilist niður á marga kennara að kenna kjarnanámskeiðið. Það getur komið til þess að kennari kenni bæði á fyrsta og öðru ári auk valnámskeiða og taki mikinn þátt í stjórnun. Þá getur komið til þess að kennari kenni bæði á fyrsta ári og einnig valnámskeið. Greiðslur geta þá orðið óvenju háar. Samanlögð upphæð greiðslu til þess kennara sem er með hæstar greiðslur nær þó ekki lágmarksupphæð útboðsskyldu.

10 Hvernig tryggir HÍ að fastir akademískir starfsmenn sem þiggja árlega milli 5-10 m.kr. fyrir sérfræðiþjónustu / verktakavinnu innan HÍ uppfylli á eðlilegan hátt skyldur sínar sem starfsmenn HÍ (kennsluskyldu, rannsóknarskyldu, stjórnunarskyldu)?

Akademískir starfsmenn eru ráðnir af forseta viðkomandi fræðasviðs, sbr. 29. gr. reglna Háskóla Íslands. Forseti fræðasviðs ákveður starfsskyldur starfsmanns, sbr. 32. gr. sömu reglna. Deild og forseti fræðasviðs hafa síðan eftirlit með að starfsmenn uppfylli starfsskyldur

sína. Þetta fyrirkomulag tók gildi vorið 2008 með gildistöku nýrra laga um háskóla og nýs stjórnskipulags Háskóla Íslands. Áður voru akademískir starfsmenn ráðnir af rektor og eftirlit með störfum þeirra á höndum rektors og deildarforseta í umboði hans.

Akademískir starfsmenn skila árlega skýrslu um störf sín. Sérstakar fagnefndir leggja mat á rannsóknastörf kennara og sérfræðinga. Akademískir starfsmenn fá rannsóknastig sem endurspeglar árangur og virkni þeirra í starfi. Mat á störfum nær einnig til kennslu, stjórnunar, þjónustu og fleiri þátta. Ef starfsmenn ná ekki tilteknum lágmarks stigafjölda eykst kennsluskylda þeirra skv. ákvæðum kjarasamninga. Í árlegum starfsmannasamtölum fer forseti fræðasviðs, eða deildarforseti eftir atvikum, yfir árangur og virkni í starfi á grundvelli framangreindra gagna. Ef virkni í rannsóknum er t.d. er óvenju lítil hjá kennara er gripið til viðeigandi ráðstafna.

Samkvæmt reglum nr. 1096/2008 um aukastörf akademískra starfsmanna Háskóla Íslands má umfang starfa starfsmanns utan háskólans ekki vera slíkt að það komi niður á starfi hans við skólann. Þannig þarf starfsmaðurinn að fá leyfi forseta fræðasviðs til að taka að sér viðamikla kennslu eða fyrirlestrahald utan Háskólans eða vegna endurmenntunar á vegum skólans, sbr. 7. gr. reglna nr. 1096/2008 og 8. tölul. 64. gr. reglna Háskóla Íslands nr. 569/2009. Starfsmenn þurfa árlega að skila skýrslu um aukastörf til vísindasviðs Háskólans. Ef aukastörf kennara eru talin koma niður á meginstarfi kennara eða ef um hagsmunaárekstur gæti verið ræða er gripið til viðeigandi ráðstafana.

Enginn fastur kennari er með yfir fimm milljónir króna í verktakagreiðslu hjá Viðskiptafræðistofnun HÍ, sbr. yfirlit í meðfylgjandi greinargerð stofnunarinnar.

11. Gilda einhverjar reglur um það hvort og þá hvenig föstum akademískum starfsmönnum HÍ sem starfa jafnframt sem verktakar við HÍ er heimilt að nota við þá vinnu aðstöðu, búnað, tæki og efni sem HÍ leggur þeim til sem föstum akademískum starfsmönnum HÍ?

Samkvæmt 11. gr. reglna nr. 1096/2008 um aukastörf akademískra starfsmanna Háskóla Íslands er starfsmanni óheimilt að nota vinnuaðstöðu sína við Háskólann í þágu ótengdrar starfsemi sem hann sinnir utan skólans, án sérstakrar heimildar forseta fræðasviðs. Með ótengdri starfsemi í þessu sambandi er átt við starfsemi sem ekki varðar rannsóknar- eða kennsluhlutverk Háskólans eða þá þjónustu sem skólinn veitir í krafti þekkingar sinnar. Forseti fræðasviðs getur heimilað starfsmanni að nýta vinnuaðstöðu sína til afmarkaðra verkefna utan Háskólans. Út frá þessu ákvæði má álykta að almennt myndi starfsmanni vera heimilt að nota aðstöðu Háskólans og búnað skólans við kennslu vegna endurmenntunar á vegum Háskóla Íslands.


Í reglum Háskóla Íslands nr. 824/2001 um Viðskiptafræðistofnun segir að Háskólinn láti stofnuninni í té starfsaðstöðu, svo sem húsnæði og búnað eftir því sem kostur er. Í þjónustusamningi milli viðskiptafræðideildar Háskóla Íslands og Viðskiptafræðistofnunar HÍ, dags. 1.9.2009 kemur fram að Viðskiptafræðistofnun HÍ greiðir fyrir afnot af aðstöðu vegna námsins.

Iðnaðarverkfræði-, vélaverkfræði- og tölvunarfræðideild Háskóla Íslands lætur MPM-náminu í té starfsaðstöðu, svo sem húsnæði og búnað eftir því sem kostur er. MPM-námið greiðir Iðnaðarverkfræði-, vélaverkfræði- og tölvunarfræðideild 10% af tekjum námsins fyrir afnot af aðstöðu vegna námsins.

Í tilviki V&L-námsins leggur Endurmenntunarstofnun HÍ til alla aðstöðu fyrir námið, sbr. meðfylgjandi samkomulag milli stofnunarinnar og Nordica ráðgjafar ehf.

Í greinargerð þessari hefur Háskóli Íslands leitast við að svara þeim spurningum sem fram koma í framangreindu bréfi Ríkisendurskoðunar, sbr. einnig meðfylgjandi greinargerðir og önnur gögn. Háskóli Íslands veitir fúslega frekari upplýsingar og gögn ef óskað er. Háskólinn fagnar athugun Ríkisendurskoðunar og óskar sérstaklega eftir ábendingum um atriði sem betur mega fara í tilhögun endurmenntunarnáms á vegum skólans. Að mati Háskóla Íslands gefur erindið og athugun skólans í kjölfarið tilefni til að taka fyrirkomulag framangreindra námsleiða og verktakagreiðslur vegna þeirra sérstaklega til skoðunar. Telur Háskólinn að setja þurfi traustari ramma utan um námsleiðir sem tilheyra endurmenntun, m.a. með skýrum verklagsreglum, aukinni yfirsýn stjórnenda Háskólans og starfsmanna reikningshalds skólans, öfluggu innra eftirliti og gegnsæi við ákvarðanatöku. Mun Háskólinn þegar hefja þá vinnu.

Virðingarfyllt
Háskóli Íslands



Jón Atli Benediktsson
aðstoðarrektor vísinda og kennslu

Fylgiskjöl:

1. Greinargerð forstöðumanns Viðskiptafræðistofnunar vegna BSV- og MBA-náms í viðskiptafræðideild
2. Fjárhagsáætlun fyrir MBA-nám 2009-2011 í viðskiptafræðideild HÍ
3. Greinargerð frá forstöðumanni Endurmenntunarstofnunar HÍ
4. Samkomulag Endurmenntunarstofnunar HÍ og Nordica ráðgjafar ehf.
5. Greinargerð formanns stjórnar MPM-náms við IVT
6. Þjónustusamningur milli verkfræðideildar HÍ og Endurmenntunarstofnunar HÍ
7. Gögn um MPM-nám lögð fyrir háskólaráð 12. maí 2005

Erindi Ríkisendurskoðunar

Til: Sigurðar J. Hafsteinssonar, fjármálastjóra
Frá: Eiríki Hilmarssyni, forstöðumanni Viðskiptafræðistofnunar
Efni: Verktakagreiðslur til fastra starfsmanna

I. Viðfangsefnið

1

Með bréfi dagsettu 17. desember 2009 beinir Ríkisendurskoðun spurningum til Háskóla Íslands um verktakagreiðslur til akademískra starfsmanna skólans í 92 til 100 prósent starfshlutfalli, fyrirtækja sem þeir eiga eða sitja í stjórn eða aðila þeim tengdum. Í erindi Ríkisendurskoðunar eru greiðslur skráðar á Endurmenntunarstofnun Háskóla Íslands og Viðskiptafræðistofnun Háskóla Íslands. Í þessari samantekt er eingöngu fjallað um verktakagreiðslur sem tengjast Viðskiptafræðistofnun.

Ríkisendurskoðun óskar svara við eftirtöldum spurningum:

1. Hvers vegna eru framangreindir starfsmenn HÍ verktakar en ekki venjulegir launamenn í þessum verkefnum?
2. Hefur HÍ sett skriflegar reglur um verktakagreiðslur til fastráðinna akademískra starfsmanna sinna eða fyrirtækja sem þeir eiga eða sitja í stjórn vegna sérfræðipjónustu innan HÍ? Séu þær til er óskað eftir afriti af þeim.
3. Í hvaða tilvikum fara slíkar greiðslur fram?
4. Gerir HÍ eða stofnanir hans skriflega verksamninga um slíka sérfræðipjónustu/verktakavinnu?
5. Sé svo, hvaða aðili gerir slíka samninga?
6. Hvernig er verktakinn valinn? Er leitast við að gæta jafnræðis í því samhengi?
7. Hvernig eru greiðslur til verktaka fundnar út?
8. Hefur HÍ sett sér einhverjar reglur um hámark (þak) vegna slíkra verktakagreiðslna þegar fastráðnir akademískir starfsmenn eiga í hlut?
9. Hefur komið til álita að bjóða slíka verktakavinnu út, t.d. ef hún fer umfram tiltekin mörk? Samkvæmt 20. gr. laga um opinber innkaup, nr. 84/2007, skal bjóða út öll innkaup á vörum yfir 5.000.000 kr. og þjónustu yfir 10.000.000 kr.
10. Hvernig tryggir HÍ að fastir akademískir starfsmenn sem þiggja árlega milli 5-10 m.kr. fyrir sérfræðipjónustu/verktakavinnu innan HÍ uppfylli á eðlilegan hátt skyldur sínar sem starfsmenn HÍ (kennsluskyldu, rannsóknarskyldu, stjórnunarskyldu)?
11. Gilda einhverjar reglur um það hvort og þá hvernig föstum akademískum starfsmönnum HÍ sem starfa jafnframt sem verktakar við HÍ er heimilt að nota við þá vinnuáðstöðu, búnað, tæki og efni sem HÍ leggur þeim til sem föstum akademískum starfsmönnum HÍ?

Gögn sem lögð er til grundvallar í svari Viðskiptafræðistofnunar eru eftirtalin:

- Bréf Ríkisendurskoðunar til Háskóla Íslands, 17. des. 2009
- Reglur Háskóla Íslands 824/2001
- Reglur Háskóla Íslands nr. 569/2009
- Fundargerðir Viðskiptafræðistofnunar
- Fundargerð háskólaráðs, dags. 21. febrúar 2008
- Fjárhagsáætlun BSV náms samþykkt á fundi háskólaráðs 21. febrúar 2008
- Fundargerð háskólaráðs 14. júní 2000
- Fundargerð háskólaráðs 19. júní 2008 og fjárhagsáætlanir MBA náms
- Lög um opinbera háskóla nr. 85/2008
- Lög um Háskóla Íslands nr. 63/2006
- Dómskvaðning Hæstaréttar 310/2002
- Þjónustuviðmið Viðskiptafræðistofnunar
- Þjónustusamningur Viðskiptafræðistofnunar og Viðskiptafræðideildar HÍ

II.

1

Viðskiptafræðistofnun

Viðskiptafræðistofnun Háskóla Íslands er vísindaleg rannsóknastofnun sem starfrækt er af Háskóla Íslands. Stofnunin heyrir undir Viðskiptafræðideild og er vettvangur rannsókna- og þróunarstarfs í viðskiptafræðum og skyldum greinum. Hlutverk stofnunarinnar er að efla tengsl rannsókna og kennslu og samhæfa rannsóknir í viðskiptafræðum og skyldum greinum innan Háskóla Íslands; styðja kennslu og þjálfun í vísindalegum vinnubrögðum og veita nemendum í framhaldsnámi aðstöðu og búnað til rannsóknarstarfa eftir því sem kostur er; stuðla að samstarfi við innlenda og erlenda rannsóknaraðila á sviði viðskiptafræða og efla tengsl Háskólans við atvinnu- og þjóðlíf; sinna þjónustuverkefnum á sviði viðskiptafræða; gefa út og kynna niðurstöður rannsókna í viðskiptafræðum og skyldum greinum; veita fræðslu og ráðgjöf varðandi viðskiptafræði; og gangast fyrir námskeiðum og fyrirlestrum í viðskiptafræði. Um Viðskiptafræðistofnun gilda reglur Háskóla Íslands nr. 824/2001 með áorðnum breytingum, með vísun í lið c, 1. mgr. 4. gr. laga nr. 85/2008 um opinbera háskóla.

Deildarfundur í viðskiptafræðideild skipar Viðskiptafræðistofnun fimm manna stjórn til þriggja ára í senn. Stjórn Viðskiptafræðistofnunar tekur allar stefnumarkandi ákvarðanir fyrir stofnunina og setur henni starfsreglur. Stjórnin ber ábyrgð á fjármálum hennar gagnvart deild. Forstöðumaður annast daglegan rekstur stofnunarinnar, sér um framkvæmd á málum sem stjórnin felur honum og kemur fram fyrir hönd stofnunarinnar. Háskóli Íslands lætur stofnuninni í té starfsaðstöðu, svo sem húsnæði og búnað eftir því sem kostur er, sbr. grein 27 í reglum Háskóla Íslands nr. 569/2009.

Viðskiptafræðistofnun vinnur að ýmsum verkefnum, stórum sem smáum á sviði rannsókna auk þess sem stofnunin veitir föstum starfsmönnum þjónustu samkvæmt þjónustusamningi. Í starfsemi Viðskiptafræðistofnunar eru fræðslumál fyrirferðar mest, einkum BS nám í viðskiptafræðum með vinnu (BSV) og MBA nám. Í báðum tilvikum eru um nám að ræða sem fellur undir endurmenntun.

2

BS nám í viðskiptafræðum með vinnu

Viðskiptafræðideild Háskóla Íslands hefur boðið upp á BS og diplóma nám í viðskiptafræðum með vinnu í kvöldskóla frá hausti 2008. Námið er sérstaklega sniðið að þörfum þeirra sem vilja leggja stund á háskólanám samhliða starfi og greiða nemendur sjálfir fyrir kostnað við námið. BSV námið er 180 eininga BS nám með sömu kröfum og BS nám í viðskiptafræðum í dagskóla, með sama kjarnanámsefni og sömu eða sambærilegum námskeiðum. Diplómanám samsvarar til 60 eða 120 eininga. Umsýsla námsins er í höndum Viðskiptafræðistofnunar en Viðskiptafræðideild ber faglega og fjárhagslega ábyrgð á náminu. Fastir kennarar sem hafa umsjón með námskeiðum í dagskóla hafa alla jafna einnig umsjón með sama námskeiði í kvöldskóla, samkvæmt samþykkt háskólaráðs dags. 21. febrúar 2008.

BSV námið er skipulagt sem 4 eða 5 ára nám. Kennsla fer fram á haust- og vormisseri og taka nemendur að jafnaði þrjú námskeið á misseri. Kennt er eitt námskeið í einu í fimm vikur og sækja nemendur fyrirlestra tvisvar sinnum í viku í um fjórar klukkustundir í senn. Ýmist er kennt tvö kvöld í viku eða eitt kvöld og á laugardagsmorgnum. Auk þess eru í sumum námskeiðum dæma- og umræðutímar. Hvert námskeið er kennt í fimm vikur og að því loknu er haldið próf, áður en kennsla í næsta námskeiði hefst. Boðið er upp á 17 námskeið í kvöldskóla skólaárið 2009-2010. Fyrirkomulag diplóma námsins er það sama, en það tekur tvö til tvö og hálft ár að ljúka því. Skólaárið 2009-2010 stunduðu tæplega 100 nemendur nám í viðskiptafræðum í kvöldskóla við Háskóla Íslands.

Viðskiptafræðistofnun heldur utan um og ber ábyrgð á framkvæmd BSV náms samhliða starfi í umboði Viðskiptafræðideildar. Fagleg forysta námsins er í höndum fagstjórnar sem skipuð er tveimur kennurum deildarinnar og forstöðumanni Viðskiptafræðistofnunar. Undir þennan lið fellur stefnumörkun, gæðaeftirlit og eftirfylgni. Um námið gilda þjónustuviðmið sem fagstjórn námsins setur. Þjónustuviðmiðum er ætlað að vera kennurum leiðbeining um gæðakröfur. Þjónustuviðmiðin snerta kennsluna sjálfa, umgjörð um kennslu, þjónustu við nemendur utan eiginlegrar kennslu, skipulag námskeiða, verkefnavinnu nemenda, námsmat, skil á endurgjöf til nemenda og birtingu einkunna. Reglulega eru haldnir fundir með kennurum þar sem fjallað er um þjónustuviðmið námsins ásamt því að kennarar og fagstjórn miðlar upplýsingum um atriði sem skipta máli um þjónustu við nemendur. Verkefnisstjóri námsins sér um daglega úrlausn viðfangsefna er snúa að náminu.

Í lok hvers námskeiðs framkvæmir Viðskiptafræðistofnun kennslukönnun meðal nemendur um námskeiðið, frammistöðu kennara og þjónustu við nemendur. Að lokinni úrvinnslu eru niðurstöður kynntar kennurum; og í lok misseris fjallar fagstjórn námsins um árangur í hverju námskeiði, útkomu úr kennslukönnun og árangur nemenda. Forstöðumaður Viðskiptafræðistofnunar ræðir við kennara þegar ástæða þykir til og getur kosið að leita ekki aftur til kennara.

3

MBA nám með starfi

Viðskiptafræðideild Háskóla Íslands hefur boðið upp á MBA nám allt frá haustinu 2000. MBA námið er meistaranám samhliða starfi með áherslu á viðskiptafræði og stjórnun. Námið er ætlað fólki með fjölbreyttan bakgrunn og reynslu sem ýmist er í stjórnunarstarfi eða hefur hug á að takast á hendur ábyrgðarmikil stjórnarstörf. Áhersla er lögð á að námið leiði í senn til krefjandi og skapandi lærdómsferlis, þar sem þátttakandinn öðlast þekkingu með því að takast á við hagnýt vandamál á gagnrýnn og agaðan hátt.

Háskólaráð samþykkti þetta námsframboð á fundi sínum 14. júní 2000. MBA námið við Háskóla Íslands hefur frá upphafi verið skilgreint sem sjálfbær starfsemi, þ.e. sem endurmenntunarnám á vegum deildar. MBA námið er 90 eininga nám sem leiðir til meistaraþráðu. Námið skiptist í kjarna og valnámskeið; ellefu námskeið mynda kjarnann og fjögur valnámskeið. Valnámskeiðin eru um tíu talsins og hver nemandi velur fjögur eða þrjú auk lokaritgerðar. Að jafnaði eru kennd tvö námskeið í einu. Með sérhæfingu í valnámskeiðum og lokaverkefni geta nemendur lokið MBA námi með tiltekinni sérhæfingu, t.d. í fjármálum, verkefnastjórnun, reikningshaldi, mannauðsstjórnun, rekstarstjórnun eða stefnumiðaðri stjórnun. Í Háskóla Íslands eru núna 52 nemendur í MBA námi og hefur fækkað frá því sem áður var.

Endurmenntunarloftun Háskóla Íslands annaðist umsýslu námsins til ársloka 2007, en þá tók Viðskiptafræðistofnun Háskóla Íslands við því hlutverki. Námið er á faglegri ábyrgð Viðskiptafræðideildar en Viðskiptafræðistofnun hefur umsjón með náminu og ber ábyrgð á framkvæmd þess í umboði deildarinnar. Fagleg forysta námsins er í höndum þriggja manna fagstjórnar sem skipuð er tveimur kennurum deildarinnar og forstöðumanni Viðskiptafræðistofnunar. Stefnumörkun námsins, gæðaeftirlit og eftirfylgni er í höndum fagstjórnar.

Í lok námskeiðs framkvæmir Viðskiptafræðistofnun kennslukönnun meðal nemenda. Að lokinni úrvinnslu eru niðurstöður kynntar kennurum námsins og í lok misseris fjallar fagstjórn námsins um árangur í hverju námskeiði, útkomu úr kennslukönnun og árangur nemenda. Forstöðumaður Viðskiptafræðistofnunar ræðir niðurstöður við kennara og á grundvelli alls þessa er ákvarðanir teknar um val á kennurum til að kenna kjaranámsskeið í næstu umferð.

Kennarar Viðskiptafræðideildar og í nokkrum tilvikum kennurum annarra deilda er boðið að bjóða upp á valnámskeið sem nemendur taka á fjórða misseri. Val nemenda á námskeiðum ræður vali á kennurum. Í mörgum námskeiðum taka erlendir fyrirlesarar þátt í kennslu. Einnig hafa tiltekin valnámskeið gert ráð fyrir því að hópurinn allur fari erlendis í heimsókn til viðskiptaháskóla og sæki fyrirlestra frá tilteknum kennurum þar, auk þess sem skipulagðar eru heimsóknir í þarland fyrirtæki.

Í samningi á milli námsins og kennara sem taka að sér kennslu í tilteknu námskeiði er kveðið á um þjónustu við nemendur og aðgengi þeirra að kennurum. Þessi viðmið er einnig að finna í svokölluðum þjónustuviðmiðum námsins. Þar er jafnframt kveðið á um hvað þarf að vera til staðar þegar kemur að aðstöðu og aðbúnað við kennsluna sjálfa. Lengst af var MBA námið kennt í húsakynnum Endurmenntunar Háskóla Íslands en frá 2008 hefur námið verið kennt í Háskólatorgi. Í báðum tilvikum hentuðu kennslustofurnar mjög vel til kennslu í MBA námi og raunar var kennslustofan í Háskólatorgi sérstaklega hönnuð með þarfir MBA námsins í huga.

Allt stjórnkerfi MBA námsins miðar að því að tryggja að allt starf námsins sé sem best og að gæðin séu tryggð. Forstöðumaður námsins er í virkum tengslum við kennara sem hann ræður til að kenna í náminu. Forstöðumaðurinn stendur fyrir samræmingarfundum með kennurum námsins og hann leiðir einnig svokallaða samþættingu sem haldin er einu sinni á misseri þar sem nemendur, kennarar og stjórnendur námsins hittast utan skólans. Forstöðumaðurinn á einnig í reglulegum samskiptum við fulltrúa nemenda um ýmis mál sem upp koma í einstökum námskeiðum og náminu í heild. Auk þessa hefur fagstjórn MBA námsins og forstöðumaður sér til aðstoðar ráðgjafahóp sem fundað er með einu sinni til tvisvar á ári. Við það tækifæri er m.a. farið yfir stefnu og áherslur MBA námsins og niðurstöður kannana sem gerðar hafa verið.

4

Svör við fyrirspurn Ríkisendurskoðunar

Í hvaða tilvikum fara verktagreiðslur fram til akademískra starfsmanna? (3)

Greiðslur Viðskiptafræðistofnunar árið 2009 sem um getur í erindi Ríkisendurskoðunar eru vegna kennslu í BSV námi í viðskiptafræðum, kennslu í MBA námi og í einu tilviki vegna rannsóknaverkefnis. Kennslustörf falla undir endurmenntun og teljast ekki hluti aðalstarfs kennara og greiða ber fyrir þau sérstaklega. Háskóli Íslands hefur viðtækar heimildir um skipulag og framkvæmd endurmenntunarnáms innan skólans og löggjafinn hefur gengið út frá því að fjárhagsgrundvöllur námsins yrði annar en gildir um hið almenna nám innan skólans. Að þessari niðurstöðu kemst hæstiréttur í dómi nr. 310/2002, en þar segir að auki í

dómsorðum að kennslustörf prófessora við MBA námi í Háskóla Íslands teldust ekki hluti aðalstarfs og að launa bæri fyrir þau sérstaklega.

Nánari sundurliðun er þessi:

	BSV	MBA	Verkefni	
Gylfi Dalmann Aðalsteinsson		3.728.000		3.728.000
Thor ehf	2.530.000	1.069.000		3.599.000
Runólfur S Steinþórsson	906.000	2.492.400		3.398.400
Ráðgjafabjónustan Bjarg ehf		2.899.600		2.899.600
E.M. ráðgjöf ehf	798.000	1.719.076		2.517.076
Snjólfur Ólafsson	824.000	1.242.000		2.066.000
Kristján Jóhannsson		1.716.032		1.716.032
Control ehf		1.342.000		1.342.000
Páll Jensson		1.200.000		1.200.000
Agli ehf	349.700	846.400		1.196.100
Ársæll Valfells		956.800		956.800
Birgir Þór Runólfsson	948.000			948.000
Bjarni Frimann Karlsson	939.000			939.000
Fríðrik Eysteinnsson	507.000	283.550		790.550
Margrét S. Sigurðardóttir			700.000	700.000
Inga Jóna Jónsdóttir	602.500			602.500
Nordica ráðgjöf		594.000		
	8.404.200	20.088.858	700.000	29.193.058

Hvers vegna er föstum starfsmönnum greitt sem verktakar? (1)

Kennurum sem kennt hafa í MBA náminu hefur allt upphafi námsins árið 2000 þegar Endurmenntunarstofnun Háskóla Íslands annaðist umsýslu þess, verið gefin kostur á að fá greitt fyrir kennslustörf samkvæmt reikningi eða að greiðslan fari í gegnum launakerfi Háskólans. Sama hefur gilt um diplómanámið. Þessari hefð hefur Viðskiptafræðistofnun fylgt og boðið upp á þennan valkost, enda útgjöld stofnunarinnar hin sömu hvor leiðin sem valin er.

Hvernig er verktaki valinn? (6)

BS nám í viðskiptafræðum með vinnu (BSV) og MBA nám í Háskóla Íslands er á faglegri ábyrgð Viðskiptafræðideildar. Fastir kennarar deildarinnar bera uppi kennsluna, sbr. reglur háskólaráðs um námið sem samþykktar voru 21. febrúar 2008 og 14. júní 2000. Leitað er út fyrir deildina þegar kalla þarf eftir sérþekkingu sem ekki er að finna innan deildarinnar. Þetta á t.a.m. við um námskeið í lögfræði. Fagstjórnir BSV og MBA námsins bera faglega ábyrgð á uppbyggingu námsins. Bestu kennarar á hverju sviði eru fengnir til að kenna í náminu að mati fagstjórna. Lagt er mat á frammistöðu kennara með formlegum hætti og útkoman stjórnar því hvort aftur er leitað til sömu kennara.

Eru til skriflegar reglur um verktakagreiðslur? (2)

Ákvarðanir um greiðslur eru teknar af stjórn Viðskiptafræðistofnunar sem skipuð er af deildarfundum Viðskiptafræðideildar. Greiðslur taka mið af umfangi kennslunnar og ramma fjárhagsáætlunar. Fjárhagsáætlun er lögð fyrir háskólaráð og þar samþykkt. Fyrir hvert

námskeið er greidd föst fjárhæð og viðbótargreiðsla í samræmi við fjölda nemenda í námskeiði sem taka próf.

Eru gerðir skriflegir verksamningar, (4) og ef svo, hvaða aðili gerir slíka samninga? (5)

Viðskiptafræðistofnun ræður kennara til verksins og annast öll formleg samskipti við þá. Kennurum er gert skylt að fylgja reglum um framkvæmd kennslu og þjónustu við nemendur í samræmi við þjónustuviðmið sem Viðskiptafræðistofnun setur að frumkvæði fagstjórnar námsins. Kennslukannanir eru gerðar í lok hvers námskeiðs og niðurstöður eru hafðar til viðmiðunar um val kennara þegar áfangi er næstu kenndur. Kennarar sem ekki standast gæðakröfur eru ekki aftur falin kennsla í náminu.

Hvernig eru greiðslur fundnar út? (7)

Í BS námi í viðskiptafræðum með vinnu er greidd 400.000 kr. föstu upphæð og 13.500 kr. fyrir hvern nemanda sem tekur próf. Greiðsla fyrir dæmatíma er 96.000 krónur.

Í MBA námi var föst greiðsla 950.000 kr. og 14.000 fyrir hvern nemanda sem tekur próf. Þetta viðmið gildir fram til ársloka 2009 fyrir nemendur á öðru ári, en frá upphafi skólaárs 2009 gildir önnur viðmið fyrir kennslu fyrsta árs MBA nema. Þar er föst upphæð 600.000 og 24.000 á hvern nemanda.

Eru reglur um hámarksgreiðslur (8) og er reglur um útboðsskyldu fylgt? (9)

Engar reglur hafa verið settar um hámarksgreiðslur. Upphæðin ræðst einkum af tvennu, fjölda námskeiða sem kennarar kenna og fjölda nemanda í námskeiði. Í MBA náminu spanna kjarnanámskeið vítt svið og það deilist niður á marga kennara að kenna kjarnanámskeiðið. Á síðara misseri á öðru ári í MBA náminu velja nemendur námskeið. Þá getur komið til þess að kennari kenni bæði í fyrsta ári og einnig valnámskeið. Greiðslur geta þá orðið óvenju háar. Samanlögð upphæð greiðslu til þess kennara sem er með hæstar greiðslur nær ekki lágmarksupphæð útboðsskyldu.

Hvernig tryggir HÍ að starfsmenn sem þiggja 5 til 10 m.kr. uppfylli starfsskyldur? (10)

Engin fastur kennari er með yfir fimm milljónir í verktakagreiðslu hjá Viðskiptafræðistofnun, sbr. yfirlit. Kennarar sem hafa kennt mest í BS námi með vinnu og MBA námi hafa einnig verið afkastamiklir í rannsóknnum og stjórnun. Auk þess hafa þeir uppfyllt almenna kennsluskyldu. Á árinu 2008 voru þrír kennarar sem voru með hæstar verktakagreiðslur hjá Viðskiptafræðistofnun með 36,5 rannsóknarstig að meðaltali, en til samanburðar er meðaltal rannsóknastiga í Háskóla Íslands 27 stig. Kennsla þeirra í kvöldskóla á vegum deildarinnar virðist ekki koma niður á því að þeir uppfylli starfsskyldur sínar við Háskóla Íslands.

Hvaða reglur gilda um afnot af starfsaðstöðu? (11)

Í reglum Háskóla Íslands nr. 824/2001 um Viðskiptafræðistofnun segir að Háskóli Íslands lætur stofnuninni í té starfsaðstöðu, svo sem húsnæði og búnað eftir því sem kostur er. Í þjónustusamningi milli Viðskiptafræðideildar Háskóla Íslands og Viðskiptafræðistofnunar

Háskóla Íslands, dags. 1.9.2009 kemur fram að Viðskiptafræðistofnun greiðir fyrir afnot af aðstöðu vegna námsins.

5

Niðurstaða í stuttu máli

Samandregnar niðurstöðu samkvæmt framansögðu eru þessar:

- Viðskiptafræðistofnun starfar í umboði Viðskiptafræðideildar Háskóla Íslands, samkvæmt lögum nr. 85/2008 um opinbera háskóla, reglum Háskóla Íslands nr. 824/2001 og 569/2009.
- Verktakagreiðslur stofnunarinnar til akademískra starfsmanna Háskóla Íslands er vegna kennslu sem fellur undir endurmenntun og ber að greiða sérstaklega.
- Viðskiptafræðistofnun fylgir langri venjum um fyrirkomulag greiðslu, hvort heldur hún er í formi verktakagreiðslu eða launagreiðslu, enda útgjöld stofnunarinnar hin sömu.
- Viðskiptafræðistofnun fylgir samþykktum reglum um greiðslur fyrir kennslu sem er í samræmi við fjárhagsáætlun og kröfu um að starfsemin sé sjálfbær.
- Engar vísbendingar er um að akademískir starfsmenn uppfylli ekki starfsskyldur sínar þótt þeir kenni einnig í kvöldskóla.

Reykjavík, 18. janúar 2010

Eiríkur Hilmarsson

Forstöðumaður Viðskiptafræðistofnunar Háskóla Íslands

Fjárhagsáætlun fyrir MBA nám 2009-2011 í Viðskiptafræðideild Háskóla Íslands

Hér með er gerð tillaga til háskólaráðs um að gjald fyrir MBA námið tímabilið 2009 -2011 verði óbreytt frá fyrra ári eða kr. 2.600.000.-

Forsendur fjárhagsáætlunarinnar

Miðað er við að tekjur standi undir kostnaði. Í MBA náminu er kappkostað að bjóða upp á mjög gott MBA nám með háu þjónustustigi. Rekstur námsins hefur verið í takti við fjárhagsáætlanir. Aðhalds er gætt í rekstri námsins og gengið er eftir því að nemendur fái þá þjónustu sem skilgreind er í þjónustuviðmiðum.

Samkeppni er mikil í MBA námi hérlandis. Samkeppnin hefur harðnað um MBA nemendur og var eftirspurnin eftir MBA náminu í Háskóla Íslands 2008-2010 minni en árið á undan og í núverandi efnahagsumhverfi er ljóst að ekki má í neinu slaka á þjónustunni og í kynningu á MBA náminu í Háskóla Íslands.

Til að vera samkeppnishæfari hefur verið tekið tillit til núverandi efnahagsumhverfis og ákveðið að breytingar á tekjum og launaliðum verði ekki miðað við verðlagsþróun heldur verði óbreytt frá fyrra ári. Áfram er gert ráð fyrir að allar grunnkennslubækur sé innifaldar í gjaldinu og auk þess ein námsferð til nágrannalands. Nú mun stjórnun og umsýslu við námið flytjast yfir til Viðskiptafræðistofnunar, sem mun hafa sparnað í för með sér.

Kostnaður við kennslu verður því óbreyttur frá fyrri áætlun, en það sem tekið er frá fyrir erlendra gestafyrirlesara hækkar sem nemur gengisbreytingum. Skipulag námsins miðast eins og áður við að kostnaður verði ekki hærri en svo að gjaldið fyrir MBA námið verði vel samkeppnishæft við það sem gerist við aðra skóla sem bjóða upp á gott MBA nám, en gjaldið hjá HR er 3.250.000kr fyrir 2009-2011.

Helstu kostnaðarliðir eru eftirfarandi:

Eins og áður segir er ekki gert ráð fyrir því að laun kennara hækki frá fyrra ári.

Mælst hefur mjög vel fyrir að fá erlenda kennara og gestafyrirlesara. Þessi þáttur hefur gríðarlega mikla þýðingu fyrir stöðu MBA námsins í samkeppnisumhverfinu. Raunkostnaður við heimsóknir erlendra gestafyrirlesara hefur hækkað umtalsvert, sérstaklega launaliðurinn. Gert er ráð fyrir því að leggja áfram áherslu á þennan þátt starfseminnar á tímabilinu 2009-2011.

MBA námið hefur gert samning við Viðskiptafræðistofnun um ákveðna þætti í framkvæmd MBA námsins. Mun hún sjá um að taka á móti gjöldum og halda utan um greiðslur fyrir kostnað við námið og mun forstöðumaður og verkefnisstjóri vera á vegum stofnunarinnar. Gert er ráð fyrir að Viðskiptafræðistofnun fái í sinn hlut fasta krónutölu vegna þessarar þjónustu, sem m.a. tekur mið af fjölda nemenda. Gerður er sérstakur samningur þessa efnis í upphafi hvers skólaárs við Viðskiptafræðideildina.

Yfirstjórn Háskóla Íslands heldur utan um reikningshald og bókhald sem nauðsynlegt er til að bjóða upp á námið. Einnig nýtur MBA námið góðs af ýmiss konar aðstöðu og þjónustu frá yfirstjórn, m.a. frá nemendaskrá. MBA námið greiðir fyrir þessa þjónustu með skráningagjöldum fyrir hvern nemenda. Vegna hækkunar á leiguverði skólans mun húsnæðisliður aukast frá því sem verið hefur á fyrri árum, en auk greiðslu fyrir kennslutíma er verið að leigja aukastofur vegna dæmatíma, hópavinnu nemenda og fundi.

Viðskiptafræðideild ábyrgist námið og leggur til aðstöðu fyrir kennara þess og stjórnendur. Deildin sér fyrir aðstöðu fyrir forstöðumann og verkefnastjóra MBA námsins. Eins er gert ráð fyrir því að starfsfólk á skrifstofu deildarinnar aðstoði kennara og stjórnendur námsins ef sérstök þörf er á.

Rekstur og þróun MBA námsins er í höndum stjórnar Viðskiptafræðistofnunar og fagstjórnar. Stjórnarmenn koma úr hópi kennara viðskiptafræðideildar. Meginverkefnið er að sinna þróun námsins og velja nemendur í námið. Stjórnin hefur einnig það mikilvæga verkefni að vinna að þróun og eflingu á þeirri starfsemi viðskiptafræðideildar, sem fellur undir 14. gr. reglna um endurmenntun á vegum háskóladeilda. Ekki er gert ráð fyrir að laun til einstakra stjórnarmanna hækki frá síðustu áætlun.

Í rekstri námsins er gert ráð fyrir nokkrum sveigjanleika. Það á bæði við um rekstrarkostnað, t.d. kynningarmál og alþjóðasamskipti. Skipulag námsins gerir ráð fyrir valnámskeiðum og hefur fjöldi þeirra áhrif á kostnað við námið. Nauðsynlegt er vegna aukinna útgjalda í erlendra mynt, vegna bókakaupa, erlendra gesta og námsferðar að gera ráð fyrir afgangi til að mæta mögulegum gengissveiflum.

Nánari útlistun og dæmi

Gjald: Áætlunin byggir á að gjaldið fyrir námið 2009-2011 verði 2.600.000 kr. fyrir hvern nemanda, sem er óbreytt frá fyrra ári.

Fjöldi nemenda: Stefnt er að því að að um 30 nemendum verði gefin kostur á að staðfesta þátttöku í náminu. Miðað við ofangreint gjald og áætlaðan kostnað eru hér á eftir sett fram áætlun um væntanlegan rekstur MBA námsins 2009-2011.

Kostnaður við einstakt námskeið:

Fyrir undirbúning hvers námskeiðs (6 einingar), kennslu, prófavinnu og þjónustu við nemendur er reiknað með að greiða kr. 950.000, auk kr. 14.000 fyrir hvern nemenda í námskeiðinu. Hér er gert ráð fyrir heildarkostnaði, þ.m.t. launatengdum gjöldum.

Gert er ráð fyrir að annar kostnaður vegna námskeiða verði að meðaltali um kr. 750.000 fyrir hvert námskeið. Hér er um að ræða kostnað vegna bókakaupa, innlendra og erlendra fyrirlesara.

Kostnaður vegna húsnæðis:

Sérstakur kostnaðarliður og umtalsverður m.v. fyrri ár, en þá var hann innifalinn í gjaldi til EHI.

Kostnaður við umgjörð MBA námsins:

Samningur við Viðskiptafræðistofnun liggur fyrir og fela í sér laun forstöðumanns og verkefnastjóra auk umsýslu og stjórnun námsins.

Stjórn MBA námsins eru 5 manna og 2 úr hópi stjórnarmanna mynda sérstaka fagstjórn námsins.

Gert er ráð fyrir að 10% af tekjum renni til Viðskiptafræðideildar vegna aðstöðu fyrir kennara og ýmiss konar þjónustu sbr. umfjöllun að framan.

Gert er ráð fyrir að þóknun til yfirstjórnar skólans nemi skráningargjöldum á hvern háskólanemanda í náminu á tímabilinu.

Annar kostnaður:

Gert er áfram ráð fyrir verulegum kostnaði vegna kynningarmála og meiri alþjóðasamskiptum í tengslum við MBA námið, þar sem námsferð til nágrannalands er innifalin í skólagjöldum.

Umtalsverður kostnaðarliður er svokölluð 'sambætting' í náminu. Þetta er mikilvægur liður sem sérstaklega gegnir því hlutverki að treysta böndin á milli nemenda og tengja faglega umfjöllun í náminu öllu saman. Þessi liður er óbreyttur milli ára.

Fjárhagsáætlun fyrir tímabilið 2009-2011:

Tekjur (þ.kr.)	
Kennslugjöld frá 30 nemendum	78.000
Gjöld (þ.kr.)	
Kostn. v. námskeiða:	33.290
Viðskiptafræðistofnun:	7.800
Viðskiptafræðideild:	7.800
Kennslusvið HÍ:	2.700
Stjórnarlaun	3.150
Húsnæðiskostnaður	8.000
Upphaf náms og sambætting	3.000
Kynningarmál	6.000
Alþjóðasamskipti	6.000
Gjöld samtals:	77.740
- mismunur	260

Reykjavík 28. apríl 2009.

Jón Snorri Snorrason

Forstöðumaður MBA námsins

Greinargerð frá forstöðumanni Endurmenntunarstofnunar HÍ vegna fyrirspurnar Ríkisendurskoðunar.

Verkefnastjórnun og leiðtogaþjálfun (V&L nám) er þróað og rekið af sérstöku félagi sem um það var stofnað. Árið 2003 stofnuðu Helgi Þór Ingason, Haukur Ingi Jónasson og Tryggvi Sigurbjarnarson Nordica ráðgjöf ehf sem snérist fyrst og fremst um þróun og rekstur á nýrri námsbraut á sviðum verkefnastjórnunar og leiðtogafræða. Nordica ráðgjöf og Endurmenntun HÍ náðu samkomulagi um að hin nýja námsbraut - Verkefnastjórnun og leiðtogaþjálfun, yrði hýst hjá Endurmenntun og aðilar myndu gera með sér rekstrarsamning sem kvæði á um réttindi og skyldur. Námið spannar tvö misseri, það er ígildi 24 ECTS eininga og er hannað þannig að það uppfylli kröfur á grunnstigi háskóla. V&L nám hefur frá upphafi notið mikilla vinsælda. Þegar þetta er ritað hafa 9 hópar stundað námið - eða stunda það, alls um 330 manns. Rekstrarsamningurinn sem er í gildi milli Endurmenntunar og Nordica ráðgjafar kveður á um að hvor aðili um sig færi í sinn hlut tiltekið hlutfall af innkomu og ber ábyrgð á sínum rekstrarþáttum. Nordica ráðgjöf sér alfarið um allt faglegt innihald námsins, kostar alla kennslu og þróun og ritun námsefnis og greiðir einnig vottun nemendanna (Certified Project Management Associate) sem Verkefnastjórnunarfélag Íslands rekur á Íslandi í umboði IPMA, alþjóðasambands verkefnastjórnunarfélaga. Nokkrir kennarar koma að kennslu og senda þeir reikninga sína til Nordica ráðgjafar sem aftur sendir mánaðarlega reikninga til Endurmenntunar samkvæmt rekstrarsamningnum. V&L nám er vinsælasta námsbraut Endurmenntunar og hefur verið um árabíl. Nýnemar hafa verið teknir inn í námið á haustin. Þegar efnahagsástand á Íslandi versnaði til mikilla muna haustið 2008 óskaði Endurmenntun eftir því við forsvarsmenn Nordica að farið væri af stað með nýjan nemendahóp í janúar 2009. Þetta var samþykkt og því hafa umsvifin í V&L náminu verið tvöföld allt árið 2009. Aftur hefur Endurmenntun farið þess á leit að nýr hópur fái að fara af stað í janúar 2010 og við því hefur verið orðið. Stefnt er að sama umfangi þetta árið.

MPM nám (Master of Project Management) er "afsprengi" V&L námsins, þróað frá upphafi af Helga Þór Ingasyni og Hauki Inga Jónassyni. Ástæðan er sú að eftir fyrstu árin í kennslu í V&L námi kom í ljós mikill áhugi nemenda á að útvíkka það nám og þróa það upp í fullgilt meistaranám samhliða starfi, áþekkt MBA námi. Nordica hefur því frá upphafi haft hlutverk í MPM námi, lagði út fyrir auglýsingum á MPM náminu fyrstu misserin og hefur m.a. verið tengiliður við Verkefnastjórnunarfélag Íslands vegna alþjóðlegrar vottunar MPM nema. Þegar MPM námið var hannað á árunum 2004-2005 var alfarið byggt á MBA námi sem kennt hafði verið um árabíl við viðskiptadeild HÍ. Gangsetning MPM námsins var samþykkt í Háskólaráði á sömu forsendum og MBA námið og rekstrarfyrirkomulag MPM námsins byggst alfarið á rekstrarfyrirkomulagi MBA námsins. MPM námið var í upphafi undir verkfræðideild Háskólans en við skipulagsbreytingar 2008 færðist það undir IVT deild sem er hluti af Verkfræði- og náttúruvísindasviði. Stjórn MPM námsins er skipuð þremur prófessorum við IVT deild og þeir samþykkja m.a. árlegar fjárhagsáætlanir í MPM náminu. MPM námið stendur sjálft straum af öllum rekstrarkostnaði. Af veltu þess renna 12% til Endurmenntunar og 10% renna til IVT deildar. Umrædd 12% voru einnig þóknun Endurmenntunar á sínum tíma fyrir umsjón og þjónustu við MBA námið og byggði á útreiknuðum kostnaði (þjónusta, húsnæði, verkefnastjórnun o.fl.) Margir kennarar koma að kennslu í MPM námi en frumkvöðlar þess, þeir Helgi Þór og Haukur Ingi, halda utan um stefnumörkun þess, faglegt innihald og þróun þess og

bera ábyrgð á námskeiðunum og að útvega kennara til kennslu. Að auki kenna þeir Helgi Þór og Haukur Ingi í náminu. Kennsla í MPM námi fer fram á kvöldin og um helgar. Þeir Helgi Þór og Haukur Ingi senda reikninga fyrir kennslu í MPM námi í nafni einkahlutafélaga. Þetta fyrirkomulag hefur verið viðhafið frá upphafi; það er algerlega hliðstætt við fyrirkomulag í MBA námi, eins og áður var vikið að. Samningur um V&L var gerður af forstöðumanni Endurmenntunar HÍ og Nordica og í tilfelli MPM var það forstöðumaður og deildarforseti verkfræðideildar.

- Hvers vegna eru starfsmenn HÍ verktakar en ekki venjulegir launamenn í þessum verkefnum?

Ofangreind greinargerð svarar þessari spurningu að nokkru leyti. Það skal tekið fram að Endurmenntun heyrir undir háskólaráð og starfar í umboði þess. Hún leitast við að uppfylla hlutverk HÍ um að bjóða endurmenntun út í íslenskt samfélag, er farvegur þekkingar HÍ til almennings. Stofnunin fær engin framlög frá hinu opinbera og því rekin fyrir námskeiðsgjöld og/eða með fé sem aflast skv. samningum eins og að ofan greinir. Skv. reglum Endurmenntun ráðstafar stofnunin því fé sem hún aflar og er bókhald aðgreint frá öðrum rekstri HÍ. Þannig er öll kennsla hjá Endurmenntun utan við starfssvið kennara innan deilda þrátt fyrir að hún sinni þessu mikilvæga hlutverki HÍ. Kennslan fer öll fram utan hefðbundins vinnutíma kennara HÍ. Auk þess er aðeins hluti kennara HÍ valinn til þessara starfa þannig að eðlilegt er að vinnan sé greidd sem verktakavinna.

- Gerir HÍ eða stofnanir hans skriflega verksamninga um slíka sérfræðipjónustu / verktakavinnu?

Skriflegir samningar eru til við V&L og MPM námsbrautirnar. Í einstökum tilvikum eru gerðir sérstakir skriflegir samningar við kennara. Samkomulag er alltaf gert fyrirfram, oftast munnlega eða í gegnum tölvupósta.

- Hvernig er verktakinn valinn? Er leitast við að gæta jafnræðis í því samhengi?

Í þessu samhengi er orðið jafnræði e.t.v. ekki viðeigandi. Námskeiðin og námsbrautirnar verða til vegna þess að það er þörf fyrir ákveðna þekkingu í samfélaginu. Endurmenntun hefur það að markmiði að velja hæfustu kennara úr HÍ á því fagsviði sem um ræðir og hefur sína mælikvarða á gæði kennara. Eðli málsins samkvæmt verður kennslunni því aldrei jafn dreift á kennara innan HÍ.

Í tilfelli MPM og V&L kom enginn annar til greina. Hugmyndin, frumkvæðið, hönnun námsins, framkvæmd þess, áhættan af því að auglýsa það í upphafi, ráðning innlendra og erlendra kennara er í höndum verktakans sem eru helstu sérfræðingar landsins á viðkomandi sviði, hafa byggt upp sérfræðiþekkingu á því og njóta alþjóðlegrar viðurkenningar hvað þetta varðar. Stöðugt er verið að prófa nýja kennara, fá álit á gæðum námsins ofl. til að tryggja gæði og fagmennsku.

- Hvernig eru greiðslur til verktaka fundnar út?

Greiðslur til verktaka eru fundnar út eftir ólíkum leiðum eftir því hvaða námskeið/námslína á í hlut. Í námsbrautum á vegum Endurmenntunar er byggt á gömlum merg sem hafði ákveðin viðmið við starf háskólakennara og þeirri staðreynd að kennslunni er sinnt á kvöldin og um helgar. Til viðbótar á síðari árum hefur verið bætt við greiðslum vegna formlegs námsmats.

Í tilfelli V&L er um ákveðið hlutfall af innkomu að ræða en hlutfallið grundvallast á samningaviðræðum á sínum tíma þar sem Endurmenntun og verktakinn lögðu mat á þátttöku hvors um sig í rekstri og framkvæmd námsins.

Í tilfelli MPM er byggt á viðmiðum sem notuð voru í MBA námi við viðskiptadeild og þau hafa verið notuð frá upphafi, með örlitlum breytingum sem stjórn MPM námsins hefur gert í gegnum árin. Hvert námskeið hefur tiltekin fjárhagsramma og greitt er fyrir stjórnun og samræmingu námskeiðs, kennslu og yfirferð og prófvinnu.

- Eru til sérstakir verksamningar milli HÍ (eða deilda / stofnana hans) og þeirra sem sinna kennslu eða öðrum störfum vegna MBA- eða MPM-náms við skólann? Fá afrit af þeim ef til eru.

Ekki hafa verið skriflegir samningar við kennara í þessum námsbrautum en eins og áður sagði liggja fyrir samningar um námsbrautirnar.

Samkomulag

Endurmenntunarstofnun Háskóla Íslands (EHÍ) sinnir símenntun á háskólastigi með metnaðarfullu námsframboði. EHÍ er stærsti skóli á Íslandi miðað við nemendafjölda. Að stofnuninni standa auk Háskóla Íslands öflug samtök úr atvinnulífinu.

Nordica ráðgjöf ehf (Nordica) hefur byggt upp þekkingu í verkefnastjórnun og leiðtogaþjálfun og þróað 2 missera endurmenntunamám samhliða starfi á þeim sviðum. Námið nefnist Verkefnastjórnun og leiðtogaþjálfun (V&L).

V&L námið hefur verið kennt við EHÍ frá janúar 2003. Alls hafa um um 140 manns verið brautskráð, að meðtöldum nemendahópi sem er að ljúka námi þegar þetta er ritað. Fimmti nemendahópurinn hefur námið haustið 2006. Nordica og EHÍ gera með sér eftirfarandi samkomulag um framkvæmd V&L námsins:

Verkaskipting:

EHÍ leggur til alla aðstöðu fyrir námið og annast bókhald, þar með talið innheimtu námsgjalda og útgreiðslu á kostnaði í samráði við fulltrúa Nordica. EHÍ annast formleg samskipti við nemendur, umsýslu og útsendingu einkunna og útskrift nemenda. EHÍ kynnir námið með hliðstæðum hætti og annað nám samhliða starfi. EHÍ tryggir nemendum aðgang að þráðlausu netkerfi háskólans og Uglu, upplýsingakerfi háskólans.


Nordica annast alla þróun námsins og alla kennslu. Nordica tekur þátt í kynningu og markaðsstarfi eftir þörfum. Nordica sér um samskipti við Verkefnastjórnunarfélag Íslands og ber kostnað vegna alþjóðlegrar D-vottunar nemenda.

Til stendur að taka 35 – 40 nemendur inn í námið haustið 2006. Námsgjöld fyrir hvern nemanda eru 295.000 krónur. EHÍ fær í sinn hlut 35% allra námsgjalda til að sinna þeim þáttum er undir EHÍ falla og skilgreindir eru hér að ofan.


Eftirstöðvar renna til Nordica til að sinna þeim þáttum sem undir Nordica falla og eru skilgreindir hér að ofan.

Stefnt er að því að kennsla á hugbúnað fari fram í venjulegum kennslustofum og að nemendur nýti fartölvur í þessu skyni.

Reykjavík 15.júní 2006



Ema G. Agnarsdóttir forstöðumaður EHÍ



Helgi Þor Ingason framkvæmdastjóri

Erindi Ríkisendurskoðunar

Til: Sigurðar J. Hafsteinssonar, fjármálastjóra
Frá: Sigurði Brynjólfssyni, formanni stjórnar MPM námsins
Efni: Verktakagreiðslur til fastra starfsmanna

Inngangur

Með bréfi dagsettu 17. desember 2009 beinir Ríkisendurskoðun spurningum til Háskóla Íslands um verktakagreiðslur til akademískra starfsmanna skólans í 92 til 100 prósent starfshlutfalli, fyrirtækja sem þeir eiga eða sitja í stjórn eða aðila þeim tengdum. Í erindi Ríkisendurskoðunar eru greiðslur skráðar á Endurmenntunarstofnun Háskóla Íslands og Viðskiptafræðistofnun Háskóla Íslands. Í þessari samantekt er eingöngu fjallað um verktakagreiðslur sem tengjast meistaranámi í verkefnastjórnun (master in project management, MPM).

Ríkisendurskoðun óskar svara við eftirtöldum spurningum:

1. Hvers vegna eru framangreindir starfsmenn HÍ verktakar en ekki venjulegir launamenn í þessum verkefnum?
2. Hefur HÍ sett skriflegar reglur um verktakagreiðslur til fastráðinna akademískra starfsmanna sinna eða fyrirtækja sem þeir eiga eða sitja í stjórn vegna sérfræðipjónustu innan HÍ? Séu þær til er óskað eftir afriti af þeim.
3. Í hvaða tilvikum fara slíkar greiðslur fram?
4. Gerir HÍ eða stofnanir hans skriflega vérsamninga um slíka sérfræðipjónustu/verktakavinnu?
5. Sé svo, hvaða aðili gerir slíka samninga?
6. Hvernig er verktakinn valinn? Er leitast við að gæta jafnræðis í því samhengi?
7. Hvernig eru greiðslur til verktaka fundnar út?
8. Hefur HÍ sett sér einhverjar reglur um hámark (þak) vegna slíkra verktakagreiðslna þegar fastráðnir akademískir starfsmenn eiga í hlut?
9. Hefur komið til álita að bjóða slíka verktakavinnu út, t.d. ef hún fer umfram tiltekin mörk? Samkvæmt 20. gr. laga um opinber innkaup, nr. 84/2007, skal bjóða út öll innkaup á vörum yfir 5.000.000 kr. og þjónustu yfir 10.000.000 kr.
10. Hvernig tryggir HÍ að fastir akademískir starfsmenn sem þiggja árlega milli 5-10 m.kr. fyrir sérfræðipjónustu/verktakavinnu innan HÍ uppfylli á eðlilegan hátt skyldur sínar sem starfsmenn HÍ (kennsluskyldu, rannsóknarskyldu, stjórnunarskyldu)?
11. Gilda einhverjar reglur um það hvort og þá hvernig föstum akademískum starfsmönnum HÍ sem starfa jafnframt sem verktakar við HÍ er heimilt að nota við þá vinnuaðstöðu, búnað, tæki og efni sem HÍ leggur þeim til sem föstum akademískum starfsmönnum HÍ?

Gögn sem lögð er til grundvallar í svari stjórnar MPM námsins eru eftirtalin:

- Áætlun MPM náms lagt fram á fundi háskólaráðs 2. maí 2005
- Þjónustusamningur stjórnar MPM námsins og Endurmenntunarstofnunar HÍ
- List yfir kennara MPM námsins 2009.

MPM nám með starfi

Verkfræðideild Háskóla Íslands hefur boðið upp á MPM nám allt frá haustinu 2005. MPM námið er meistaranám samhliða starfi með áherslu á verkefnastjórnun. Námið er ætlað fólki með fjölbreyttan bakgrunn og reynslu sem ýmist er í stjórnunarstarfi eða hefur hug á að takast á hendur ábyrgðarmikil stjórnarstörf. Áhersla er lögð á að námið leiði í senn til krefjandi og skapandi lærdómsferlis, þar sem þátttakandinn öðlast þekkingu með því að takast á við hagnýt vandamál á gagnrýnninn og agaðan hátt. Að auki ganga nemendur í gengnum alþjóðlegt vottunarferli í verkefnastjórn.

Háskólaráð samþykkti þetta námsframboð á fundi sínum 2. maí 2005. MPM námið við Háskóla Íslands hefur frá upphafi verið skilgreint sem sjálfbær starfsemi, þ.e. sem endurmenntunarnám á vegum deildar. MPM námið er 90 eininga nám sem leiðir til meistaragráðu. Námið skiptist í kjarna og valnámskeið. Valnámskeiðin eru sjö og hver nemandi velur tvö auk lokaritgerðar. Í Háskóla Íslands eru núna um 65 nemendur í MPM námi.

Endurmenntunarstofnun Háskóla Íslands annast umsýslu námsins ásamt Iðnaðarverkfræði, vélaverkfræði og tölvunarfræðideild. Námið er á faglegri ábyrgð Iðnaðarverkfræði, vélaverkfræði og tölvunarfræðideildar. en stjórn MPM námsins, sem deildin skipar, hefur umsjón með náminu og ber ábyrgð á framkvæmd þess í umboði deildarinnar. Stjórn námsins er skipuð þremur kennurum deildarinnar og er fagleg forysta námsins í hennar höndum ásamt forstöðumanni námsins. Stefnumörkun námsins, gæðaeftirlit og eftirfylgni er í höndum stjórnar og forstöðumanns.

Í lok hvers námskeiðs er gerð kennslukönnun meðal nemenda. Að lokinni úrvinnslu eru niðurstöður kynntar kennurum námsins. Forstöðumaður MPM námsins ræðir niðurstöður við kennara og á grundvelli alls þessa er ákvarðanir teknar um val á kennurum til að kenna kjarnanámskeið í næstu umferð. Kennarar Iðnaðarverkfræði, vélaverkfræði og tölvunarfræðideildar, kennarar annarra deilda, sem og erlendir sérfræðingar við fremstu háskóla heims kenna í MPM náminu. Val nemenda á námskeiðum ræður vali á kennurum. Allt stjórnkerfi MPM námsins miðar að því að tryggja að allt starf námsins sé sem best og að gæðin séu tryggð. Forstöðumaður námsins er í virkum tengslum við kennara sem hann ræður til að kenna í náminu. Forstöðumaðurinn stendur fyrir samræmingarfundum með kennurum

námsins. Forstöðumaðurinn á einnig í reglulegum samskiptum við fulltrúa nemenda um ýmis mál sem upp koma í einstökum námskeiðum og náminu í heild.

Swör við fyrirspurn Ríkisendurskoðunar

Hvers vegna er föstum starfsmönnum greitt sem verktakar? (1)

Kennurum sem kennt hafa í MPM náminu hefur allt frá upphafi námsins verið gefin kostur á að fá greitt fyrir kennslustörf samkvæmt reikningi eða að greiðslan fari í gegnum launakerfi Háskólans. Þessari hefð hefur stjórn MPM námsins fylgt og boðið upp á þennan valkost, enda útgjöld hin sömu hvor leiðin sem valin er.

Eru til skriflegar reglur um verktakagreiðslur? (2)

Ákvarðanir um greiðslur eru teknar af stjórn MPM námsins sem skipuð er af deildarfundum Iðnaðarverkfræði, vélaverkfræði og tölvunarfræðideildar. Greiðslur taka mið af umfangi kennslunnar og ramma fjárhagsáætlunar. Fjárhagsáætlun var lögð fyrir háskólaráð og þar samþykkt. Fyrir hvert námskeið er greidd föst upphæð.

Í hvaða tilvikum fara verktakagreiðslur fram til akademískra starfsmanna? (3)

Greiðslur Endurmenntunarstofnunar árið 2009 sem um getur í erindi Ríkisendurskoðunar eru vegna kennslu og stjórnunar í MPM námi. Kennslustörf í MPM námi falla undir endurmenntun og teljast ekki hluti aðalstarfs kennara og greiða ber fyrir þau sérstaklega. Háskóli Íslands hefur viðtækar heimildir um skipulag og framkvæmd endurmenntunarnáms innan skólans og löggjafinn hefur gengið út frá því að fjárhagsgrundvöllur námsins yrði annar en gildir um hið almenna nám innan skólans. Að þessari niðurstöðu kemst hæstiréttur í dómi nr. 310/2002, en þar segir að auki í dómsorðum að kennslustörf prófessora við MBA námi (sambærilegt við MPM nám) í Háskóla Íslands teldust ekki hluti aðalstarfs og að launa bæri fyrir þau sérstaklega.

Eru gerðir skriflegir verksamningar, (4) og ef svo, hvaða aðili gerir slíka samninga? (5)

Gert er samkomulag við kennara með tölvupósti. Forstöðumaður MPM námsins ræður kennara til verksins og annast öll formleg samskipti við þá.

Hvernig er verktaki valinn? (6)

MPM nám í Háskóla Íslands er á faglegri ábyrgð Iðnaðarverkfræði, vélaverkfræði og tölvunarfræðideildar. Fastir kennarar deildarinnar bera uppi kennsluna. Leitað er út fyrir deildina þegar kalla þarf eftir sérþekkingu sem ekki er að finna innan deildarinnar. Bestu kennarar á hverju sviði eru fengnir til að kenna í náminu að mati fagstjórnar. Lagt er mat á frammistöðu kennara með formlegum hætti og útkoman stjórnar því hvort aftur er leitað til sömu kennara.

Hvernig eru greiðslur fundnar út? (7)

Í MPM námi er greitt 250.000 kr. fyrir stjórnun og þróun hvers námskeiðs, 25.000 kr. fyrir hverja kennda klst og 10.000 kr. fyrir kennda klst í vinnu vegna prófa og námsmats. Samtals gerir þetta 1.510.000 fyrir hvert 6 eininga námskeið.

Eru reglur um hámarksgreiðslur (8) og er reglur um útboðsskyldu fylgt? (9)

Engar reglur hafa verið settar um hámarksgreiðslur. Upphæðin ræðst einkum af tvennu, fjölda námskeiða sem kennarar kenna og stjórnun. Í MPM náminu spanna námskeið vítt svið og það deilist niður á marga kennara. Það getur komið til þess að kennari kenni bæði á fyrsta og öðru ári auk valnámskeiða og taki mikinn þátt í stjórnun. Samanlögð upphæð greiðslu til þess kennara sem er með hæstar greiðslur nær ekki lágmarksupphæð útboðsskyldu.

Hvernig tryggir HÍ að starfsmenn sem þiggja 5 til 10 m.kr. uppfylli starfsskyldur? (10)

Kennarar sem hafa kennt mest MPM námi hafa einnig verið afkastamiklir í rannsóknum og stjórnun. Auk þess hafa þeir uppfyllt almenna kennsluskyldu og stjórnunarskyldu. Á árinu 2008 var sá kennari sem var með hæstar verktakagreiðslur vegna kennslu og stjórnunar í MPM náminu með yfir 50 rannsóknarstig, en til samanburðar er meðaltal rannsóknastiga í Háskóla Íslands 27 stig. Kennsla í kvöldskóla á vegum deildarinnar virðist því ekki koma niður á því að starfsmenn uppfylli starfsskyldur sínar við Háskóla Íslands.

Hvaða reglur gilda um afnot af starfsaðstöðu? (11)

Iðnaðarverkfræði, vélaverkfræði og tölvunarfræðideild lætur MPM náminu í té starfsaðstöðu, svo sem húsnæði og búnað eftir því sem kostur er. MPM námið greiðir Iðnaðarverkfræði, vélaverkfræði og tölvunarfræðideild 10% af tekjum námsins fyrir afnot af aðstöðu vegna námsins.

Niðurstaða í stuttu máli

Samandregnar niðurstöðu samkvæmt framansögðu eru þessar:

- Verktakagreiðslur Endurmenntunar vegna MPM námsins til akademískra starfsmanna Háskóla Íslands er vegna kennslu og stjórnunar sem fellur undir endurmenntun og ber að greiða sérstaklega.
- Stjórn MPM námsins fylgir langri venju um fyrirkomulag greiðslu, hvort heldur hún er í formi verktakagreiðslu eða launagreiðslu, enda útgjöldin hin sömu.
- Stjórn MPM námsins fylgir samþykktum reglum um greiðslur fyrir kennslu sem er í samræmi við fjárhagsáætlun og kröfu um að starfsemin sé sjálfbær.
- Engar vísbendingar eru um að akademískir starfsmenn uppfylli ekki starfsskyldur sínar þótt þeir kenni einnig í kvöldskóla.

Reykjavík, 20. janúar 2010

Sigurður Brynjólfsson
formaður stjórnar MPM námsins

Þjónustusamningur

Verkfræðideild Háskóla Íslands hefur samþykkt að bjóða upp á meistaranám í verkefnastjórnun (MPM) frá og með haustinu 2005.

Með samningi þessum er Endurmenntunarstofnun (EHÍ) að taka að sér að sjá um tiltekna framkvæmdaþætti þessara námsbrauta (hér eftir nefnt "námið") í samræmi við þjónustug þeirra sem stjórn meistaranámsins ákveður. Í þessu felst meðal annars eftirfarandi:

- EHÍ leggur fram vandaða kerinsluaðstöðu í náminu. Veturinn 2005-2006 er þar um að ræða kennslusál með sléttu gólfi sem rúmar alls 60 manns. Veturinn 2006-2007 verður þörf á kennslusál með sléttu gólfi sem rúmar 45 manns. EHÍ sér til þess að kennslustofur séu tilbúnar til notkunar þegar kennsla hefst.
- EHÍ leggur eftir atvikum fram aðstöðu vegna prófa, þ.m.t. prófgæslu.
- EHÍ annast útsendingu bréfa vegna afgreiðslu umsókna og önnur formleg samskipti við nemendur í umboði stjórnar og forstöðumanns námsins. Formleg bréf eru skrifuð á bréfsefni verkfræðideildar.
- EHÍ sér um skjalavörslu og heldur skrá um nemendur, þ.m.t. um framvindu þeirra í náminu.
- EHÍ annast bókhald og fjármál vegna námsins, þar með talið alla innheimtu námsgjalda.
- EHÍ annast einnig greiðslur vegna kostnaðar í náminu, samkvæmt fyrirætlum forstöðumanns námsins.
- EHÍ annast fjölföldun og dreifingu efnis eftir því sem það á við en áhersla er þó lögð á að námið sé pappírslaut og námsgögnum miðlað með rafrænum hætti.
- EHÍ tekur þátt í markaðsstarfi og kynningu námsins í samráði við forstöðumann námsins, m.a. með því að fjalla um námið í kynningarefni sínu eftir því sem ástæða þykir til.
- EHÍ annast einnig annað ótalið sem aðilar eru sammála um að sé hluti af þjónustu EHÍ við námið.

EHÍ skipar sérstakan starfsmann sem verkefnisstjóra MPM til að samræma ofangreinda þætti af hálfu stofnunarinnar.


EHÍ fær 12% af kennslugjöldum til að standa straum af kostnaði við framkvæmd námsins samkvæmt framangreindu.

Samningur þessi skal endurskoðaður þegar uppgjör um kostnað liggur fyrir.

Reykjavík 22. desember 2005



Sigurður Brynjólfsson formaður stjórnar náms



Kristín Jónsdóttir endurmenntunarstjóri

Meistaránám í verkefnastjórnun Master in project management (MPM)

Verkfræðideild Háskóla Íslands mun í haust hefja kennslu og þjálfun í meistaránámi í verkefnastjórnun - MPM (Master of Project Management) sem er tveggja ára nám með starfi og lýkur með meistaragráðu í verkefnastjórnun frá Verkfræðideild. Námið er rekið í samstarfi við Nordica ráðgjöf ehf. Í fyrri hluta náms undirgangast nemendur alþjóðlega D vottun í verkefnastjórnun en seinni hluta náms lýkur með C eða B vottun í verkefnastjórnun. Vottunin er gefin út af Verkefnastjórnunarfélagi Íslands í umboði alþjóðasamtaka verkefnastjórnunarfélaga (IPMA).

Fyrri hluti / Verkefnastjórnun og leiðtogaþjálfun

1. misseri

Stefnumótun
Verkefnisáætlun
Leiðtogiinn og sjálfið
Verkefnastjórnin

2. misseri

Verkfæri verkefnastjórnunar
Raunhæft verkefni
Leiðtogiinn og umhverfið
Samningar og deilir

Endurgjöf – ráðstefna
Afangapróf
D vottun IPMA

Seinni hluti / Úrvalsnámskeið í meistaránámi

3. misseri

Ferli og ferlisvæðing
Hópar og hópðynamik
Stjórnandiinn og skipulag
Fjármál verkefna

4. misseri

Fjölþjóðleg verkefni
Valnámskeið
Stjórnandiinn og menning
Lokaverkefni

Endurgjöf
Meistarapróf
C/B vottun IPMA

Mikið er lagt upp úr þátttöku nemenda í tímum enda fer mikið af kennslu fram með verklegum æfingum. Rekstraraðili námsins er Endurmenntun Háskóla Íslands sem sér náminu fyrir fullkominni aðstöðu.

1. misseri:

Stefnumótun (2 einingar / 4 ECTS einingar) — Að gera þátttakendum kleift að vinna með skipulögðum hætti að stefnumótun fyrir fyrirtæki, stofnanir eða félagasamtök og fyrir sig sem einstaklinga. Námskeiðið fer fram með fyrirlestrum og hópvinnu. Þátttakendum er skipt í hópa og hver hópur tekur fyrir raunhæft verkefni úr eigin reynsluheimi og vinnur að stefnumótun fyrir það. Jafnframt vinnur hver einstaklingur að sinni persónulegu stefnumótun, Tækifæragreining, styrkleikagreining, veikleikagreining.

Leiðtogiinn og sjálfið (3 einingar – 6 ECTS einingar) — Nemendur öðlast skilning á hlutverki leiðtogans bæði í verkefnum, innan hópa og skipuheilda. Nemendur öðlast umtalsverða sjálfsþekkingu og eru kynntar margvíslegar aðferðir og kenningar sem nýtast þeim. Fjallað er um

samstarf, sjálfstjórn, sjálfvinnu og skipulagða hugsun og gtunnþætti í uppbyggjandi samræðu og lýðræðislegri áhvarðanatöku.

Verkefnisáætlun (3 einingar / 6 ECTS einingar) — Grunnatriði verkefnastjórnunar sem faggreinar, gerð verkefnisáætlunar sem grundvöllur að góðri verkefnastjórnun, hugtökin verkefni og verkefnastjórnun skilgreind og einkennum verkefnum lýst, val verkefna, kostnaður og fórnarkostnaður, val verkefna og aðferðir við val verkefna. Áhættugreining, umhverfisgreining, hagsmunaaðilagreiningu og áhættugreining. Markmiðasetning, aðferðir við setningu mælanlegra markmiða í verkefnum, meginrás verkefna, ferli, áfangar og tímavörður. Stjórnskipulag, hlutverk og hlutverkaskipting.

Verkefnastjórninn (2 eining / 4 ECTS einingar) — Hlutverk verkefnastjórnans sem framkvæmdastjóra í verkefnum og tengslum þessa við leiðtogahlutverkið. Ýmsar tæknilegar hliðar þess að vera verkefnisstjóri, tjáning í ræðu og riti, samræmd hugtakanotkun, D vottun verkefnisstjóra.

2. misseri:

Verkfæri verkefnastjórnunar (3 einingar / 6 ECTS einingar) — Verkfæri sem nýtast við áætlanagerð og eftirfylgni í verkefnum, (við t.d. tímaáætlanir og kostnaðaráætlanir), notkun Netsins til upplýsingamiðlunar í verkefnum. Fræðilegur bakgrunnur þess að gera tímaáætlanir, beiting Microsoft Project, tímaáætlun í tölvu og eftirfylgni hennar, grunnatriði við gerð kostnaðaráætlana, beiting Microsoft Excel, áætlun fjárstreymis í verkefnum.

Leiðtoginn og umhverfið (2 einingar / 4 ECTS einingar) — Hlutverk leiðtoga í verkefnum, hópum, skipulagsheilda og samfélagi; sjálfsþekking, menning, hópafslfræði, leiðtogahlutverk, aðferðafræði, þekkingarfræði og þekkingarstjórnun. Litið yfir farinn veg og skoðað hvernig einstakir þættir námsins nýtast þátttakendum við að ganga fram fyrir skjöldu og taka að sér leiðtogahlutverk innan stofnana, fyrirtækja eða í samfélagi.

Samningar og deilur (2 einingar / 4 ECTS einingar) — Námskeiðið felst í að þátttakendum eru kynntar meginvinnuaðferðir við samningaviðræður, samingagerð og deilustjórnun. Fjallað er um hvernig ólíkur skilningur á samningum og deilum hefur áhrif á mögulegar niðurstöður. Þátttakendur öðlast þekkingu á aðferðum við samningagerð og deilustjórnun.

Raunhæft verkefni (3 einingar / 6 ECTS einingar) — Þátttaka, vinna og stjórnun í umfangsmiklu verkefni sem unnið er á skömmum tíma undir miklu álagi, nemendur beita færni sem þeir hafa áunnið sér í áætlanagerð og samstarfi fyrir í náminu. Í upphafi námskeiðs eru búnir til vinnuhópar. Hver hópur velur sér raunverulegt verkefni í samráði við kennara. Hóparnir hefja vinnu við gerð verkefnisáætlunar og rífa þannig upp meginatriði fyrri annar. Nemendahópar munu starfa að þessum verkefnum út önnina og fá reynslu af því að aðlaga áætlanir sínar að síbreytilegu umhverfi og aðstæðum. Hluti námskeiðsins felst í kennslu í grunnatriðum aðferðafræði sem nýlist nemendum í að leysa á faglegan hátt úr viðfangsefnum verkefna sinna. Í lokin taka nemendur saman reynslu sína í ítarlegu skilamati og kynna niðurstöður sínar á opinni ráðstefnu.

3. misseri:

Ferli og ferlisvæðing (3 einingar / 6 ECTS einingar) — Áhættustjórnun, gæðastjórnun í verkefnum, verkefni í gæðastjórnun, innleiðing gæðakerfa, gæðastaðlar, skorkort (Balanced Scorecard), útboð og samningar.

Stjórnandinn og skipulag (3 einingar / 6 ECTS einingar) — Leiðtoginn sem verkefnastjóri, verkefnastjórninn sem leiðtogi, skipuheildarfræði, vald og áhrif, framsögn- og framkoma í fjölmiðlum, samskipti, breytingastjórnun, sjálfsmat.

Hópar og hópdýnamik (3 einingar / 6 ECTS einingar) — Eðli hópa, kenningar um eðli hópa, líftími og þróun hópa, meðvitaðir og ómeðvitaðir kraftar í hópum, hópafslæði, hópstjórnun, menning hópa, stuðningshópar, vinnuhópar, verkefnahópar, ferlisvinna, flokkadrættir, stigveldi og vald.

Fjármál verkefna (3 einingar / 6 ECTS einingar) — Tölfræði stjórnunar managerial matchemantic, kostnaðarfræði, reikningsskil, arðsemi, fjárhagsleg líkön, uppgjör, eftirlit.

4. misseri:

Fjölbjóðleg verkefni (3 einingar / 6 ECTS einingar)— Samhæfing margra verkefna, stjórnun verkefnaskráa (portfolio project management). Verkefnastjórnun og verkefnastofnar, verkefni yfir landamæri.

Stjórnandinn og menning (3 einingar / 6 ECTS einingar) — Menningarmunur og fjölmennning, handleiðsla, stjórnun, nýsköpun og frumkvöðlastar, sjálfsmat og vottun verkefnastjóra á C eða B stigi.

Valnámskeið (hvert um sig 3 einingar / 6 ECTS einingar). Hver nemandi velur eitt valnámskeið. Þau tvö valnámskeið sem flestir velja verða kennd. Eftirfarandi valnámskeið liggja fyrir en fleiri möguleikar munu verða í boði.

- Stjórnun rannsóknarverkefna
- Vörupróun og markaðssetning
- Vörustjórnun og flutningafræði
- Framkvæmdafræði (Construction Management)

Lokaverkefni (4 einingar / 8 ECTS einingar) — Einstaklingsverkefni á sviði leiðtoga- og verkefnastjórnunarfræða í formi greinar sem er ritrýnd af stjórn námsins of birt á heimasíðu námsins eða í fagtimaritum.

Umsjónarkennarar:

Haukur Ingi Jónasson
Helgi Þór Ingason
Páll Jensson
Tryggvi Sigurbjarnarson

Kostir verkefnastjórnunar sem stjórnunarfræða eru að sérstök áhersla er lögð á að kenna og þjálfar fólk í öguðum og markvissum vinnubrögðum við að skilgreina, takast á við og ljúka margvíslegum viðfangsefnum sem skilgreina má sem verkefni. Áherslan í meistaranámi í verkefnastjórnun er ekki síður á að þjálfar samskipta- og aðlögunarhæfni nemendanna. Þeir læra að greina eigin styrkleika og veikleika í samstarfi og samskiptum og þeir öðlast þekkingu og reynslu í að vinna með ólíku fólki undir miklu álagi. Meistarar í verkefnastjórnun munu hafa öðlast þekkingu og færni sem beita má á öllum sviðum atvinnulífs.

Vert er að benda sérstaklega á muninn á hefðbundnu MBA námi sem miðar að heildarsýn á rekstur fyrirtækja og stofnana og MPM náminu því þar er áherslan öll á að þjálfar einstaklinginn í að geta stigið með markvissum hætti inn í skipulagsheild til að aðlagja, breyta og bæta. Í MPM náminu er mikið lagt upp úr sjálfsvinnu, hópvinnu, verkefna- og rannsóknarvinnu með skarprí áherslu á hæfni og dug til verka. Meistaragráða í verkefnastjórnun og verkefnastjórnunarvottun benda til alþjóðlega viðurkenndrar hæfni sem veitir aðgengi að fjölbreytilegum starfsvettvangi víða um heim.

Umsjónarkennarar námsins eru allir afbragðskennarar við Verkfræðideild Háskóla Íslands, með yfirburðarþekkingu á verkefnastjórnun og þeim fjölmörgu þáttum stjórnunar sem henni

tengjast. Auk þeirra kenna í náminu fræðimenn og fagmenn á ýmsum sviðum, bæði innlendir og erlendir.

Verð á meistaranámi í verkefnastjórnun (Master of Project Management) er 1.850.000.-. Innifalinn er kostnaður við alþjóðlega D vottun (fyrri námsár) og C eða B vottun sem gefin er út af Verkefnastjórnunarfélagi Íslands og Project Management Association (IPMA).

Meistaranám í verkefnastjórnun er opið öllum þeim sem hafa lokið BA/BS/B.ed. eða sambærilegu. Gerð krafa um að nemendur hafi minnst 3 ára reynslu úr atvinnulífinu og æskilegt er að þeir hafi umtalsverða reynslu af því að starfa í verkefnum. Haustið 2005 munu 30 nemendur hefja meistaranám í verkefnastjórnun.

Stöðluð umsóknareyðublið má fá á vefsíðu námsins (www.mpm.is). Tekið er við skráningu á **skrifstofu Verkfræðideildar Háskóla Íslands** til **1. júlí 2005**. Nánari upplýsingar um námið veitir Guðrún Helga Agnarsdóttir í síma 525 464.

Fjárhagsáætlun MPM

6.5.2005

Tekjur

Námsgjöld	MPM
Fjöldi í hóp	1.850.000
Heildartekjur	30
	55.500.000

Kostnaður við umsýslu

	Pr. einingu		
Verkfræðideild	10%	af innkomu	5.550.000
M.a. vefur, hluti kynningar, aðstaða kennara,			
Endurmenntun	12%	af innkomu	6.660.000
M.a. aðstaða, bókheld, hluti umsýsku			
Nemendaskráning	90.000	kr. pr. MPM tímabil	2.700.000
Kynning og markaðsstarf	3.000.000		3.000.000
Önnur umsýsla	1.200.000	kr. pr. MPM tímabil	1.200.000
Vottun	125.000	kr. pr. nemanda	3.750.000
Alþjóðleg IPMA vottun verkefnastjóra, D stig og C eða B stig.			
Alþjóðleg samskipti og tengslamyndun	1.680.000	kr. pr. MPM tímabil	1.680.000
Samþætting	1.800.000	kr. pr. MPM tímabil	1.800.000
Samráðsfundur með sérhverjum nemanda á hverju misseri			
Forstöðumaður / framkvæmdastjóri	1.920.000	kr. pr. MPM tímabil	1.920.000
Stjórn MPM	1.020.000	kr. pr. MPM tímabil	1.020.000
Samtals kostnaður við umsýslu			29.280.000

Kostnaður við kennslu

Námskeið (3 eininga) á fyrra ári - alls 20 einingar	6,67
Greiðsla pr. 3e námskeið á fyrra ári	1.155.000
Kostnaður við kennslu á fyrra ári er að hluta borinn af námi samhlíða starfi, Verkefnastjórnun og leiðtogaþjálfun - þess vegna er kennslukostnaður á fyrra ári lægri en á seinna ári	
Samtals v. kennslu á fyrra ári	7.700.000
Námskeið (3 eininga) á seinna ári - alls 28 einingar	9,33
Greiðsla pr. 3e námskeið á seinna ári	1.980.000
Miðað er við sömu reglur um greiðslur og gilda í MBA námi, fyrir 3 eininga námskeið er greitt 900.000 (kennsla), auk 11.000 kr fyrir hvern nemanda og 750.000 (sérstakur kostnaður, t.d. erlendir fyrirlesarar)	
Samtals kostnaður við kennslu á seinna ári	18.480.000
Samtals kostnaður við kennslu	26.180.000

Heildarkostnaður

55.460.000

Samþykktir fyrir meistaranám í verkefnastjórnun (MPM) hjá Verkfræðideild Háskóla Íslands

1. gr.

Verkfræðideild býður upp á 45 eininga endurmenntunarnám sem lýkur með meistaragráðu í verkefnastjórnun - MPM (Master of Project Management). Verkfræðideild velur þriggja manna stjórn sem skipuleggur námið í samræmi við lög og reglur Háskóla Íslands um endurmenntun á vegum deilda. Stjórnin ræður forstöðumann námsins og skal hann koma úr hópi kennara deildarinnar.

2. gr.

Stjórn námsins ásamt forstöðumanni velur nemendur í námið úr hópi umsækjenda. Meginreglan við inntöku er að nemendur hafi amk. B.S./B.A. próf eða samsvarandi menntun og amk. þriggja ára starfsreynslu með áherslu á þátttöku í verkefnavinnu og að hafa borið stjórnunarlega ábyrgð í verkefnum. Stjórn skal leitað við að velja í námið nemendur með mismunandi starfsferil og menntun og að velja einstaklinga sem líklegir eru til að standa sig mjög vel í náminu, hafa mikinn ávinning af því og miðla miklu til samnemenda sinna.

3. gr.

Námið skiptist í 14 skyldunámskeið, alls 38 einingar, þriggja eininga valnámskeið og 4 eininga lokaverkefni.

4. gr.

Háskólaráð staðfestir gjaldtöku vegna námsins, sbr. 18. gr. laga um Háskóla Íslands og 14. gr. reglugerðar fyrir Háskóla Íslands.

Akademísk stjórnýsla.
09.05.2005 Þ.K. / T.Þ

Samþykkt verkfræðideildar um meistaranám í verkefnastjórnun
- minnisblað lagt fyrir fund háskólaráðs 12. maí 2005

Verkfræðideild hefur gert samþykkt um að deildin bjóði upp á meistaranám í verkefnastjórnun frá hausti 2005. Um er að ræða endurmenntun á vegum deildarinnar, sem er sjálfstæð viðbót við hefðbundið námsframboð deildarinnar. Deildin óskar eftir heimild til þess að innheimta gjöld af þeim sem teknir verða inn í námið, samkvæmt nánari reglum þar að lútandi.

Samþykkt verkfræðideildar og ákvörðun um gjaldtöku er háð staðfestingu háskólaráðs sbr. 5. tölul. 14. gr. reglna nr. 458/2000, fyrir Háskóla Íslands. Verði samþykktin staðfest verður jafnframt að gera eftirfarandi breytingar á reglum nr. 458/2000:

1. *Viðbót við upptalningu á lærdómstitlum í 54. gr.*
Lagt er til að aftan við ákvæði um MBA-nám í 3. mgr. 54. gr. regnanna komi nýr málslíður svohljóðandi:

Verkfræðideild er með sama hætti heimilt að veita háskólagráðuna Master of Project Management, MPM, að loknu 45 eininga endurmenntunarnámi.

2. *Sérákvæði um MPM-námið*
Lagt er til að aftan við 107. komi ný grein sem verði gr. 107 a. svohljóðandi:

Deildinni er heimilt að veita prófgráðuna MPM að loknu 45 eininga endurmenntunarnámi á vegum deildarinnar, enda sé farið eftir ákvæðum 14. gr. reglna þessara.

Við inntöku í MBM-nám skal nemandi hafa lokið háskólagráðu, B.A.-, B.S.- eða B.Ed.-prófi eða samsvarandi og að jafnaði hafa þriggja ára reynslu úr atvinnulífinu.

Deildin setur nánari reglur um inntökuskilyrði, námsleiðir og námskröfur í samþykktum um námið, sem háskólaráð staðfestir.

Skýring:

MBM-nám er felld undir skilyrði 14. gr. reglna þessara. Það er sjálfstætt nám sem miðað er við fjölbreytta undirstöðu úr ólíkum háskólagreinum og allnokkra starfsreynslu. Uppbygging námsins, efnistök og markmið eru með öðrum hætti en í framhaldsnámi að lokinni fyrstu háskólagráðu í sömu grein sem felur í sér sjálfstæðar rannsóknir og er iðulega undirbúningur undir frekara fræðilegt nám eða starfsferil á sviði fræða og vísinda.